# HELGAFELLSSKÓLI

## STARFSÁÆTLUN
## 2024 -2025



STARFSÁÆTLUN

HELGAFELLSSKÓLI MOSFELLSBÆ
SEPTEMBER 2024

ÚTGEFANDI: Helgafellsskóli
Gerplustræti 14
270 MOSFELLSBÆR
SÍMI: 547-0600
NETFANG: helgafellsskoli@helgafellsskoli.is
VEFFANG: WWW.HELGAFELLSSKOLI.IS

©2024 HELGAFELLSSKÓLI

# Efnisyfirlit

**Formáli** ..... 5
**1 Hagnýtar upplýsingar** ..... 6
**1.1 Opnunartímar** ..... 6
**1.2 Skrifstofuþjónusta** ..... 6
**1.3 Húsnæði** ..... 6
**1.4 Íþróttahús** ..... 6
**1.5 Aðkoma** ..... 7
**1.6 Aðgengi gesta** ..... 7
**1.7 Óskilamunir** ..... 7
**1.8 Mötuneyti** ..... 8
**1.9 Gjaldfrjáls námsgögn** ..... 8
**1.10 Skólaakstur** ..... 9
**1.11 Umsóknir** ..... 9
1.11.1 Skólavist - leik- og grunnskóli ..... 9
1.11.2 Frístund ..... 10
1.11.3 Mötuneyti ..... 10
**1.12 Upplýsingar um barnafjölda og árganga** ..... 10
**1.13 Forföll og leyfi** ..... 12
**1.14 Forfallakennsla** ..... 12
**1.15 Upplýsingamiðlun – Mentor.is/ Vala.is** ..... 12
**1.16 Öryggismál** ..... 12
1.16.1 Rafræn vöktun ..... 12
1.16.2 Rýmingaráætlun ..... 12
1.16.3 Frímínútnagæsla – útivera ..... 12
1.16.4 Tryggingar skólabarna ..... 13
1.16.5 Slysaskráning ..... 13
**1.17 Reglur um móttöku nýrra nemenda og móttöku nemenda af erlendum uppruna** ..... 13
**1.18 Upplýsingaver - skólabókasafn** ..... 14
**2 Skipulag og stjórnun** ..... 14
**2.1 Stjórnskipulag - skipurit** ..... 14
**2.2 Mannauður** ..... 15
**3 Skólastarf** ..... 19
**3.1 Skóladagatöl** ..... 20
**3.2 Skýringar á skóladagatali** ..... 21
**3.3 Stundatöflur/dagskipulag** ..... 22
**3.4 Val nemenda 8. - 10. bekkur** ..... 22
**3.5 Helstu viðburðir og vettvangsferðir** ..... 23
**3.6 Útfærsla viðmiðunarstundaskrár** ..... 24
**3.7 Tilhögun kennslu (náms-/kennsluáætlanir)** ..... 24
**3.8 Foreldra- og nemendaviðtöl** ..... 25
**3.9 Samræmd próf** ..... 25
**3.10 Skólareglur** ..... 26
**3.11 Viðurlög við brotum (snjalltæki, reykingar, rafrettur)** ..... 26
**3.12 Áherslur skólaársins** ..... 26
3.12.1 Yfirlit yfir skimanir og próf ..... 33
**Tras í leikskóladeild** ..... 33
3.12.2 Niðurstöður skólapúlsins ..... 34
**4 Frístund og tómstundir** ..... 37
**4.1 Frístundasel** ..... 37

4.2 Tómstunda- og félagsstarf í skóla ..... 38
5 Stoðþjónusta ..... 38
5.1 Nemendavernd ..... 38
5.2 Fyrirkomulag sérkennslu/stoðþjónustu ..... 39
5.3 Námsver ..... 39
5.4 Náms- og starfsráðgjöf ..... 39
5.5 Skólaþjónusta Mosfellsbæjar ..... 40
5.5.1 Sálfræðiþjónusta ..... 40
5.5.2 Ráðgjöf ..... 40
5.5.3 Talmeinagreining og ráðgjöf ..... 41
5.5.4 Ferli einstaklingsmála ..... 41
5.6 Skóla- og ráðgjafarþjónusta Mosfellsbæjar ..... 42
5.7 Velferðarsvið Mosfellsbæjar ..... 43
5.8 Skólaheilsugæsla ..... 43
5.9 Túlkaþjónusta ..... 44
6 Samstarfsaðilar ..... 45
6.1 Félagsmiðstöðin Bólið ..... 45
6.2 Listaskóli Mosfellsbæjar ..... 46
6.3 Framhaldsskólar ..... 46
6.4 Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ..... 46
6.5 Trúfélög ..... 46
6.6 Rauði krossinn - heimanámsaðstoð ..... 47
7 Félög, ráð og nefndir ..... 48
7.1 Skólaráð ..... 48
7.2 Foreldrafélag ..... 48
7.3 Nemendafélag ..... 48
7.4 Önnur ráð og nefndir ..... 49
7.4.1 Áfallaráð ..... 49
7.4.2 Teymi gegn einelti ..... 49
7.4.3 Heilsueflingarteymi ..... 49
7.4.4 Læsisteymi ..... 49
7.4.5 Takts-teymi ..... 50
8 Áætlanir og verkferlar ..... 51
8.1 Viðbrögð við einelti ..... 51
8.2 Símenntunaráætlun ..... 51
8.3 Sjálfsmatsáætlun (áherslur ársins) ..... 51
8.4 Rýmingaráætlun ..... 51
8.5 Neyðaráætlanir ..... 51
8.5.1 Öryggi nemenda ..... 51
8.5.2 Óveður ..... 52
8.5.3 Eldgos – viðbrögð ..... 52
8.5.3 Jarðskjálftar ..... 52
8.6 Viðmiðunarreglur um ástundun í grunnskólum Mosfellsbæjar ..... 52
9 Annað ..... 53
9.1 Trúnaðargögn og skjalavarsla ..... 53
9.2 Þróunarverkefni ..... 53

# Formáli

Samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla aðalnámskrár grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir stjórnskipulagi skólans, skóladagatali, skólareglum, fyrirkomulagi kennslu, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfsfólk skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur og almennar, hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs.
Starfsáætlun er birt á rafrænu formi á heimasíðu skólans.

Helgafellsskóli tók til starfa 14. janúar 2019 og voru þá 92 nemendur í skólanum í 1. – 5. bekk. Skólinn er samþættur leik og grunnskóli og frístundastarf fléttast inn í skólastarfið. Skólaárið 2024 – 2025 er sjötta heila skólaárið og er nemendafjöldinn kominn í u.þ.b. 530 nemendur.

Skólahúsnæðið er fullbúið fyrir utan íþróttahús sem er í byggingu og fyrirhugað er að það verði tekið í notkun á skólaárinu.

**Kærleikstré**

**Unnið af fyrstu nemendum skólans á þemadögum í Brúarlandi í nóvember 2018.**



# 1 Hagnýtar upplýsingar

Helgafellsskóli er í Helgafellsshverfi sem er undir suðurhlíðum Helgafells í Mosfellsbæ. Skólinn er samrekinn leik- og grunnskóli. Í skólanum eru fjórar leikskóladeildir og grunnskólanemendur í 1. – 10. bekk. Skólinn hóf starfsemi 14. janúar 2019 og er því að hefja sitt sjötta heila skólaár. Við upphaf skólaársins eru nemendur skólans 538.

Frístund er opin alla daga frá 13.20 – 16.30 fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Við upphaf skólaárs eru rúmlega 120 nemendur skráðir í frístund.

Kennsla hjá nemendum á yngsta- og miðstigi hefst alla daga kl. 8.10 en kl. 8.50 hjá nemendum á unglingastigi.

## 1.1 Opnunartímar

Skrifstofa skólans er opin mánudaga - fimmtudaga frá kl. 7.45 – 15.45 og föstudaga frá 7.45 – 14.00.

Leikskóladeildin er opin frá 7.30 – 16.30.

Grunnskóladeildin/frístund er opin frá 8.00 – 16.30.

## 1.2 Skrifstofuþjónusta

Skrifstofustjóri Guðrún Sigríður Jónsdóttir

Símanúmer skólans er 547-0600.

Beint símanúmer frístundar er 680-8002

## 1.3 Húsnæði

Skólinn stendur við Gerplustræti 14. Á neðstu hæðinni eru kennslusvæði unglingadeildar. Kennslusvæði mið- og yngsta stigs eru á miðhæðinni í sitt hvorri álmunni. Á þeirri hæð er líka eldhús, salur, frístund og kennslueldhús. Á efstu hæðinni er leikskóladeildin, skrifstofur og list- og verkgreinastofur. Einnig er þar gróðurhús og stórar svalir. Bólið félagsmiðstöð er með aðstöðu á þriðju hæðinni og er aðgengi bæði innan húss og að utanverður frá vesturhlið skólans.

## 1.4 Íþróttahús

Íþróttahús skólans er í byggingu og er fyrirhugað að taka það í notkun í janúar 2025

Fram að því að íþróttahúsið verði tekið í notkun fer þróttakennsla yngsta stigs að mestu fram utan dyra. Skólalóðin er mikið notuð svo og Reykjalundaskógur og Helgafellið. Í verstu veðrum er salur skólans nýttur til íþróttakennslu yngstu nemendanna.

Nemendur á mið- og unglingastigi sækja íþróttakennslu í íþróttahúsið við Varmá og allir nemendur fara í skólasund í Lágafellslaug. Nemendur yngsta stigs eru í innilaug en aðrir nemendur í útilaug.

## 1.5 Aðkoma

Til að komast inn á leikskóladeildirnar er aðkoman frá Gerplustræti austan við skólann í gegnum leikskólalóðina. Hver deild hefur sér inngang. Aðkoma fyrir nemendur yngsta stigs grunnskóladeildar er frá Vefarastræti í gegnum skólalóðina. Nemendur miðstigs fara upp á brú sunnan megin við skólahúsið og nota inngang sem þar er. Á jarðhæð sunnan meginn við skólann er inngangur fyrir nemendur unglingastigs. Starfsmannainngangur og vörumóttaka er frá Gerplustræti norðan við skólann. Á vesturhlið skólans er aðgangur að Félagsmiðstöðinni Bólinu og einnig er þar inngangur á skrifstofu skólans.




## 1.6 Aðgengi gesta

Gestir í Helgafellskóla koma um inngang á vesturhlið skólans. Þegar gengið er um þann inngang er komið beint á skrifstofu skólans. Allir gestir eru beðnir um að gefa sig fram við skrifstofu skólans og greina þar frá erindi sínu.

## 1.7 Óskilamunir

Óskilamunir frá leik- og grunnskólanemendum eru í fataklefum hverrar deildar. Foreldrar eru hvattir til að merkja allan fatnað mjög vel svo hann skili sér í réttar hendur. Á foreldradögum eru óskilamunir settir fram en foreldrar geta hvenær sem er snúið sér til starfsfólks til að leita týndra hluta. Óskilamunir eru gefnir hjálparstofnunum við lok hvers skólaárs.

## 1.8 Mötuneyti

Allur matur er eldaður í eldhúsi skólans. Hann tekur mið af ráðleggingum landlæknisembættisins um hollustu og næringu. Í Mosfellsbæ er lögð sérstök áhersla á að skólabörn njóti fjölbreyttrar fæðu úr gæðahráefni.

Matseðlar eru birtir á heimasíðu skólans nokkrar vikur fram í tímann.

Öll leikskólabörn eru í morgunmat og hádegismat og þau sem eru allan daginn eru líka í síðdegishressingu.

Boðið er upp á ávaxtabita að morgni fyrir nemendur yngsta- og miðstigs og fyrir alla nemendur er boðið upp á heitan mat í hádeginu. Ef nemendur eru í frístund þurfa þeir að taka með sér nesti fyrir síðdegishressingu.

**Sækja þarf um áskrift að hádegismat og/eða ávaxtabita fyrir grunnskólabörn á íbúagátt á mos.is. Áskrift flyst sjálfkrafa á milli ára. Því þarf ekki að endurnýja umsókn um mötuneyti á hverju hausti. Uppsögn og aðrar breytingar þurfa að berast í gegnum íbúagáttina fyrir 20. hvers mánaðar og taka þá gildi fyrsta dag næsta mánaðar á eftir.**

**Skólaárið 2024 – 2025 er hádegismatur gjaldfrjáls fyrir alla nemendur í grunnskóladeild. Engu að síður þarf að skrá og afskrá börn í mat eins og kemur fram hér að ofan.**

Ef börn eru með óþol eða ofnæmi þarf að skil inn læknisvottorði á hverju hausti og verður þá tekið tillit til þess. Alla daga er boðið upp á grænmetisfæði fyrir þá nemendur sem ekki borða kjöt og/eða fisk.

## 1.9 Gjaldfrjáls námsgögn

Mosfellsbær hefur frá og með hausti 2017 veitt öllum nemendum í grunnskólum Mosfellsbæjar hluta nauðsynlegra námsgagna þeim að kostnaðarlausu (s.s. ritföng, reikningsbækur, stílabækur, límstifti, skæri, plast/teygjumöppur og einfaldir vasareiknar).

Til að hlúa að umhverfinu okkar og fara vel með sameiginlega sjóði sveitarfélagsins þá eru foreldrar beðnir um að leggja skólanum lið og athuga hvaða námsgögn eru til á heimilinu frá fyrri árum. Nemendur eru beðnir um að koma með í skólann þau gögn sem hægt er nýta áfram (s.s möppur, pappír, stílabækur/reiknisbækur, plastvasa og fleira). Það sem upp á vantar af námsgögnum mun skólinn bæta við. Ritföng sem þegar eru til er ágætt að eiga heimavið.

Eftirfarandi vinnureglur gilda um gjaldfrjáls námsgögn í grunnskólum Mosfellsbæjar:

• Gagnalistar eru til staðar á heimasíðum skólanna - þar er hægt að sjá hvað hver bekkur/árgangur þarf af nauðsynlegum námsgögnum. Velji foreldrar önnur innkaup á gögnum en tilgreind eru í gagnalistum fellur sá kostnaður ekki innan námsgagna sem skólinn afhendir.

• Endurnýjun á námsgögnum og ritföngum fer fram að meðaltali á þriggja ára fresti. Undantekning er þó skriffæri (blýantar, skriftarpennar), strokleður og límstifti sem endurnýjast árlega.

• Þeir nemendur sem eru að hefja nám í 1. bekk fá ný námsgögn þar sem þeir eru að hefja sína skólagöngu.

• Námgögn eins og stíla- og reiknisbækur, sögu- og verkefnabækur og möppur eru að öllu jöfnu geymd í skólanum en fara heim með nemendum ef um heimanám er að ræða. Gert er ráð fyrir að á heimilum séu til nauðsynleg skriffæri og litir.

• Námsgögn verða ýmist sérmerkt nemanda eða verða í bekkjar, árganga,- stofu- og eða skólasettum.

• Eftir því sem líður á námið í grunnskóla bætast við námsgögn og munu þau verða afhent eftir þörfum.

• Kostnaður vegna valáfanga er óbreyttur.

• Innan gjaldfrjálsra námsgagna eru ekki skólatöskur, pennaveski, íþrótta- og sundföt og flóknari reiknivélar (nýtast áfram í framhaldsskóla).

• Týnist eða eyðileggist námsgögn vegna slæmrar meðferðar hjá nemendum eru foreldrar ábyrgir fyrir því að námsgögn séu endurnýjuð.

Óskað er eftir sem bestri samvinnu í anda umhverfisverndar við endurnýtingu og gerð er krafa um góða meðferð námsgagna.

## 1.10 Skólaakstur

Skólaakstur í Mosfellsbæ er skv. 22. gr. laga um grunnskóla (nr.91/2008) og reglu menntamála-ráðuneytis um skólaakstur (nr.656/2009).

Reglur um skólaakstur má finna á heimasíðu Mosfellsbæjar Reglur um skólaakstur í Mosfellsbæ

Akstur á skólatíma er fyrir þá nemendur grunnskóla Mosfellsbæjar sem þurfa að sækja sérgreinar, samkvæmt stundatöflu, í Íþróttamiðstöðina að Varmá og Íþróttamiðstöðina Lágafell.

Annar akstur á vegum skóla, vegna ferða á skólatíma og vegna frístundastarfs, fellur ekki undir skil-greiningar ráðuneytis skv. reglugerð 656/2009 og gilda sérstakar reglur um hann.

## 1.11 Umsóknir

### *1.11.1 Skólavist - leik- og grunnskóli*

Sótt er um í leikskólavist í öllum leikskólum Mosfellsbæjar í gegnum Íbúagátt Mosfellsbæjar

Grunnskólanemendur eiga skólavist í sinn hverfisskóla en geta sótt um skólavist í skóla utan síns hverfis en ekki er sjálfgefið að hægt sé að komast að. Ákvörðun um það tekur skólastjóri hvers skóla út frá stöðunni í skólanum hverju sinni. Sótt er um grunnskólavist í gegnum Íbúagátt Mosfellsbæjar

### *1.11.2 Frístund*

Sótt er um í frístund í grunnskólum Mosfellsbæjar í gegnum Völu – frístund: VALA
Grunnskólar Mosfellsbæjar starfrækja frístund fyrir 1. – 4. bekk. Markmið frístundar er að mynda heildstæða umgjörð um skóladag barnanna. Í frístund er boðið upp á margvísleg verkefni, t.d. íþrótta- tómstunda-, lista- og menningarverkefni. Helstu áherslur í starfinu eru öryggi, útivist, hreyfing, fjölbreytni, tómstundir, íþróttir og vellíðan. Að öllu jöfnu eru frístund opin daglega alla daga á starfstíma skóla en opnunartíminn tekur þó mið af því hvernig skólinn fléttar starfið inn í viðveru barna í skólanum og getur því verið breytilegur frá ári til árs. Frístundaskóladagatal er á heimasíðu skólans.

### *1.11.3 Mötuneyti*

Sótt er um áskrift í mötuneyti grunnskólanna inni á VALA. Umsókn um mötuneyti er gild þar til henni er sagt upp og ekki þarf að endurnýja hana milli skólaára.
**Uppsögn og aðrar breytingar þurfa að berast í gegnum íbúagáttina fyrir 20. hvers mánaðar og taka þá gildi fyrsta dag næsta mánaðar á eftir.**

**Þetta skólaár er hádegismatur gjaldfrjáls fyrir nemendur í grunnskóladeild en sækja þarf um eins og kemur fram hér að ofan.**

## 1.12 Upplýsingar um barnafjölda og árganga

Skólaárið 2024 - 2025 eru nemendur Helgafellsskóla á aldrinum 2ja til 16 ára. Í leikskóladeildinni eru börn fædd 2022 – 2019 í fjórum leikskóladeildum. Í grunnskóladeildinni eru börn fædd 2018 – 2009 í 1. – 10. bekk.

Í september 2024 eru nemendur skólans 538, þar af eru 108 í leikskóladeild og 430 í grunnskóladeild. Nemendafjöldinn getur breyst töluvert á skólaárinu þar sem hverfið er í uppbyggingu og mikið er um nýbyggingar í hverfinu.



Skipting nemenda eftir árgöngum haustið 2024 er eftirfarandi:

| árgangur: | bekkur: | fjöldi: |
|---|---|---|
| 2009 | 10. bekkur | 41 |
| 2010 | 9. bekkur | 44 |
| 2011 | 8. bekkur | 32 |
| 2012 | 7. bekkur | 49 |
| 2013 | 6. bekkur | 34 |
| 2014 | 5. bekkur | 63 |
| 2015 | 4. bekkur | 37 |
| 2016 | 3. bekkur | 30 |
| 2017 | 2. bekkur | 51 |
| 2018 | 1.bekkur | 47 |
| 2019 | | 35 |
| 2020 | | 35 |
| 2021 | | 20 |
| 2022 | | 17 |
| Samtals: | | **535** |

## 1.13 Forföll og leyfi

Til að nám gangi sem best er mikilvægt að ástundun sé góð. Mælst er til að foreldrar hafi leyfi og önnur forföll nemenda í lágmarki. Það er á ábyrgð foreldra að sjá til þess að nemendur vinni upp það nám sem þeir missa af í lengri leyfum.

Allar fjarvistir nemenda í grunnskóladeild Helgafellsskóla eru skráðar í Mentor.is og sendar foreldrum vikulega frá skrifstofu skólans. Foreldrar geta skráð veikindi í staka daga á Mentor.is eða með því að hringja á skrifstofu skólans í síma 547- 0600. Óski foreldrar eftir tímabundnu leyfi fyrir börn sín í tvo eða fleiri daga þarf að sækja um það á leyfisbréfi sem er á heimasíðu skólans: Leyfisbeiðni

Mosfellsbær hefur sett sér viðmiðunarreglur um ástundun nemenda í grunnskólum bæjarins og tóku þær gildi haustið 2020 og voru endurskoðaðar í júní 2021. Reglurnar má finna á heimasíðu skólans: Skólasóknarreglur Mosfellsbæjar

## 1.14 Forfallakennsla

Í Helgafellsskóla vinna kennarar hvers árgangs í teymum. Þegar upp koma forföll starfsmanna leysir teymið það eins og kostur er en fær inn auka kennara þegar þurfa þykir. Við skólann starfar í vetur forfallakennarar sem hægt er að kalla til þegar mikið er um forföll.

## 1.15 Upplýsingamiðlun – Mentor.is/ Vala.is

Upplýsingar og skráning um ástundun og námsframvindu í grunnskóladeild fer fram í gegnum Mentor.is. Foreldrar geta skráð veikindi í gegnum vefinn og fá vikulega sent yfirlit um ástundun sinna barna. Einnig geta foreldrar og nemendur fylgst með námsframvindu á Mentor.is.

Í leikskóladeild eru skráningar á viðveru nemenda gerðar í gegnum Vala.is. Foreldrar eru beðnir um að senda skilaboð ef barnið er veikt eða í leyfi. Einnig eru skilaboð og myndir sendar milli heimilis og skóla í gegnum sama vef.

## 1.16 Öryggismál

### *1.16.1 Rafræn vöktun*

Helgafellsskóli er vaktaður með myndavélum bæðið innan húss og utan. Fyrirtækið Securitas sér um vöktun á öryggiskerfi skólans  eftir lokun.

### *1.16.2 Rýmingaráætlun*

Rýmingaráætlun skólans er að finna í  kafla 8.4 í starfsáætluninni.

### *1.16.3 Frímínútnagæsla – útivera*

Nemendur grunnskóladeildar fara tvisvar á dag í frímínútur. Stuðningsfulltrúar skólans ásamt kennurum sjá um gæslu í öllum frímínútum. Mikilvægt er að nemendur séu ávallt með útifatnað sem hentar veðri hverju sinni.

Í frímínútum hjá 1. – 4. bekk er **„Félagafjör“**. Þá sjá eldri nemendur um leiki fyrir yngri nemendur en starfsmenn eru til aðstoðar. Nemendur sem hafa áhuga á að stýra Félagafjöri geta boðið sig fram. Félagafjör gengur út á það að hvetja nemendur til meiri virkni í frímínútum og skapa betri skólabrag. Aðal markmiðið með þessu verkefni er að bjóða upp á fjölbreyttara úrval afþreyingar í frímínútum svo engum þurfi að leiðast. Mikilvægt er að allir nemendur skólans hlakki til að mæta í skólann sinn og líði þar vel, alla daga.

Nemandi sem valinn er til að gegna hlutverki í Félagafjöri starfar í hálft ár í senn. Hann vinnur að verkefninu í fyrri frímínútum skólans, tvo daga í viku, mánudag og miðvikudag eða þriðjudag og fimmtudag. Fulltrúi í Félagafjöri mætir einnig á fundi þar sem starfið í frímínútum er skipulagt og vangaveltur sem því tengjast eru ræddar.

Allir nemendur í leikskóladeild og einnig nemendur í 1. – 7. bekk fara út á hverjum degi sama hvernig viðrar. Því er mjög mikilvægt að nemendur séu með fatnað sem hentar veðri hverju sinni. Hjá okkur í Helgafellsskóla er ekki til vont veður, bara rangur klæðnaður.

### *1.16.4 Tryggingar skólabarna*

Öll börn, yngri en 18 ára, sem eru búsett í Mosfellsbæ og skráð í grunnskóla ( gildir um slys sem verða á skólatíma, á skólalóð eða í ferð á vegum skólans ), leikskóla, dagskóla, á sumarnámskeið, á gæsluleikvelli og í skipulagt tómstundastarf félagsmiðstöðva eru nú sjálfkrafa vátryggð hjá TM tryggingum.

### *1.16.5 Slysaskráning*

Öll slys eru skráð á þar til gert eyðublað í Helgafellsskóla. Skráningin er m.a. nýtt til að greina hvort slys gerist oft á einhverjum ákveðnum stöðum í eða við skólann. Ef svo reynist er brugðist við með viðeigandi hætti.

## 1.17 Reglur um móttöku nýrra nemenda og móttöku nemenda af erlendum uppruna

Í Helgafellsskóla er lögð mikil áhersla á að taka vel á móti nýjum nemendum. Námsráðgjafi skólans fylgir nýjum nemendum grunnskóladeildar eftir fyrstu vikurnar með því að hitta nemendur tvisvar til þrisvar þar sem farið er yfir líðan og helstu áskoranir sem mætt hafa nemendunum.

Nemendur sem byrja í leikskóladeildinni fara í gegnum aðlögun sem hæfir aldri og þroska barnsins. Upplýsingar um leikskóladeildina og aðlögun eru sendar foreldrum í upphafi skólagöngu barnanna.

Innritun barna sem hefja grunnskólagöngu fer fram í byrjun mars á hverju ári og er í gegnum íbúagátt. Þegar nemendur hefja nám í 1. bekk grunnskóladeildar fá foreldrar og nemendur einstaklingssamtal við umsjónarkennara. Einnig er kynningarfundur fyrir foreldra á fyrstu vikum skólaársins þar sem helstu áherslu skólans er kynntar. Þeir nemendur sem stunda nám í öðrum leikskólum bæjarins koma í heimsókn með sínum leikskóla undir vor ár hvert. Ef barn er í leikskóla utan Mosfellsbæjar geta foreldrar haft samband við skólann og fengið að koma í heimsókn.

Þegar nemandi er skráður í skólann á miðju skólaári er honum ásamt foreldrum boðið að koma í heimsókn til að sjá og kynnast skólanum. Skólastjórnendur taka þá á móti þeim og kynna starfið og skólahúsnæðið.

Hætti nemandi í skólanum þurfa foreldrar að hafa samband við skólann og láta vita. Ef einhver gögn t.d. greiningar liggja í fyrri skóla þurfa foreldrar sjálfir að fara með þau gögn á milli skóla.

### 1.18 Upplýsingaver - skólabókasafn

Ekki er komið bókasafn í skólann enn sem komið er.

Skólinn á þó nokkurn bókakost og er honum dreift á milli árganga og sjá kennarar um lán á bókum til nemenda.

# 2 Skipulag og stjórnun

Einkunnarorð Helgafellsskóla eru *Hugrekki, samvinna, virðing* og voru þau valin við endurskoðun á gildunum á vorönn 2024. Farið var í vinnu með nemendum og starfsfólki þar sem skoðað var hvað væri einkennandi fyrir skólann. Þetta var niðurstaðan og var hún nánast sú sama hjá öllum árgöngum og hjá starfsfólki. Í afmælistímariti sem gefið var út í júní 2024 í tilefni af 5 ára afmæli skólans má lesa frekar um vinnu nemenda og starfsfólks við endurskoðun gildanna. Slóðin er: Afmælistímarit Helgafellsskóla vor 2024




### 2.1 Stjórnskipulag - skipurit

Helgafellsskóli er samþættur leik- og grunnskóli þar sem frístund fléttast inn á skólastarfið. Einn skólastjóri er yfir skólanum og sex deildarstjórar, yfir leikskóladeild, grunnskóladeild (yngri, mið og elsta), frístundastarfi og stoðþjónustu.

Fastir stjórnendafundir eru tvisvar í viku en allir stjórnendur vinna náið saman.

- Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans og stefnu. Hann ber auk þess ábyrgð á fjármálum og rekstri skólans, faglegri forystu, starfsmannamálum, samskiptum við skólayfirvöld, skólaráð og foreldrafélagið.

- Deildarstjórar grunnskóladeildar halda utan um faglegt starf deildarinnar. Þeir sjá um nemendamál og sitja í teymum sem varða nemendur þar sem þurfa þykir. Skipulag á starfi stuðningfulltrúa er í höndum deildarstjóra grunnskóladeildar og deildarstjóra stoðþjónustu.
- Deildarstjóri leikskóladeildar heldur utan um faglegt starf leikskóladeildarinnar. Hann sér um nemendamál og situr í teymum um ákveðna nemendur. Hann sér um foreldrasamskipti í samstarfi við teymisstjóra.
- Deildarstjóri frístundar heldur utan um faglegt starf frístundar. Umsjón Félagafjörs er í höndum deildarstjóra frístundar svo og umsjón með nemendaráði skólans. Hann heldur utan um skipulag og starf frístundarstarfsmanna.
- Deildarstjóri stoðþjónustu heldur utan um sérkennslu og aðra stoðþjónustu skólans. Hann boðar og situr í teymum varðandi ákveðna nemendur. Skipulag á röðun stuðningfulltrúa og þeirra starfi er í höndum deildarstjóra grunnskóladeildar og deildarstjóra stoðþjónustu.

Reglulegir fundir:

1. Stjórnendafundir, tvisvar í viku
2. Fundur stoðteymis, vikulega
3. Fundir stoðþjónustu með árgöngum, mánaðarlega
4. Grunnskólakennarafundur, vikulega
5. Fundir stuðningsfulltrúa með umsjónarkennurum þess árgangs sem þeir starfa í, eins oft og þurfa þykir
6. Teymisstjórafundur á leikskóladeild, vikulega
7. Deildarfundir á öllum leikskóladeildum, aðra hverja viku
8. Fundur stuðningsfulltrúa, aðra hverja viku
9. Fundur frístundastarfsfólks, aðra hverja viku

## 2.2 Mannauður

Í Helgafellsskóla er mikill mannauður. Allt starfsfólk skólans vinnur saman að því að nemendur fá nám við hæfi og mikið er lagt upp úr að öllum líði sem best í skólanum.

**Starfsfólk skólans skólaárið 2023 – 2024**

| | | |
|---|---|---|
| **Aðalheiður Halldórsdóttir** | **Grunnskólakennari** | **adalheidur.g.halldorsdottir@mosmennt.is** |
| **Agnes Brá Jónsdóttir** | **Leikskólastarfsmaður** | **agnes.bra.jonsdottir@mosmennt.is** |
| **Aldís Sunna Ólafsdóttir** | **Umsjónarkennari** | **aldis.sunna.olafsdottir@mosmennt.is** |
| **Alexandra S. Kristinsdóttir** | **Leikskólastarfsmaður** | **alexandra.sigrun.kristinsdottir@mosmennt.is** |
| **Alfa Regína Jóhannsdóttir** | **Grunnskólakennari** | **alfa.regina.johannsdottir@mosmennt.is** |
| **Anna Birna Guðlaugsdóttir** | **Þroskaþjálfi** | **anna.birna.gudlaugsdottir@mosmennt.is** |
| **Anna Margrét Árnadóttir** | **Leikskólastarfsmaður** | **anna.margret.arnadottir@mosmennt.is** |
| **Anna Ragnheiður Jónsdóttir** | **Umsjónarkennari** | **anna.ragnheiður.jonsdottir@mosmennt.is** |
| **Arna Pétursdóttir** | **Náms- og starfsráðgjafi** | **arna.petursdottir@mosmennt.is** |

| | | |
|---|---|---|
| Arna Þrándardóttir | Grunnskólakennari | arna.thrandardottir@mosmennt.is |
| Ásdís Arna Sigurðardóttir | Starfsmaður í skóla með stuðning | asdis.arna.sigurdardottir@mosmennt.is; |
| Ásdís Guðmundsdóttir | Grunnskólakennari | asdis.gudmundsdottir@mosmennt.is |
| Auður Björk Þórðardóttir | Sérkennari | audur.bjork.thordardottir@mosmennt.is |
| Aþena Karaolani | Leikskólastarfsmaður | athena.karaolani@mosmennt.is |
| Berglind María Ólafsdóttir | Tónmenntakennari | berglind.maria.olafsdottir@mosmennt.is |
| Berglind Sigríður Harðardóttir | Umsjónarkennari | berglind.sigridur.hardardottir@mosmennt.is |
| Birta Jónsdóttir | Umsjónarkennari | birta.jonsdottir@mosmennt.is |
| Björg Bjarkey Kristjánsdóttir | Leikskólakennari | bjorg.bjarkey.kristjansdottir@mosmennt.is |
| Camilla Líf Arnarsdóttir | Leikskólastarfsmaður | camilla.lif.arnarsdottir@mosmennt.is |
| Dagbjört María Þrastardóttir | Umsjónarkennari | dagbjort.maria.thrastardottir@mosmennt.is |
| Dagmar Ýr Sigurdórsdóttir | Umsjónarkennari | dagmar.yr.sigurdorsdottir@mosmennt.is |
| Darri Freyr Þórðarson | Starfsmaður í skóla með stuðning | darri.freyr.thordarson@mosmennt.is |
| Eiríkur Indriði Bjarnason | Umsjónarmaður fasteigna | eirikur.indridi.bjarnason@mosmennt.is |
| Elísa Sigrún Ragnarsdóttir | Grunnskólakennari | elisa.sigrun.ragnarsdottir@mosmennt.is |
| Elísabet Brekkan | Stundakennari | brekkan@simnet.is |
| Elzbieta Borysiak | Aðstoðarmatráður | elzbieta.borysiak@mosmennt.is |
| Elva Hreiðarsdóttir | Umsjónarkennari | elva.hreidarsdottir@mosmennt.is |
| Emilía Ósk Emilsdóttir | Aðstoðarmatráður | emilia.osk.emilsdottir@mosmennt.is |
| Eva Rún Þorsteinsdóttir | Leikskólastarfsmaður | eva.run.thorsteinsdottir@mosmennt.is |
| Eydís Sól Jónsdóttir | Umsjónarkennari | eydis.sol.jonsdottir@mosmennt.is |
| Fríður María Halldórsdóttir | Grunnskólakennari | fridur.maria.halldorsdottir@mosmennt.is |
| Gísli Skúlason | Forfallakennari | gisli.skulason@mosmennt.is |
| Guðbjörg Marta Pétursdóttir | Umsjónarkennari | gudbjorg.marta.petursdottur@mosmennt |
| Guðbjörg Þorgeirsdóttir | Leikskólastarfsmaður | gudbjorg.thorgeirsdottir@mosmennt.is |
| Guðrún Astrid Elvarsdóttir | Umsjónarkennari | gudrun.astrid.elvarsdottir@mosmennt.is |
| Guðrún Elísa Sævarsdóttir | Umsjónarkennari | gudrun.elisa.saevarsdottir@mosmennt.is |
| Guðrún Sigríður Jónsdóttir | Skólaritari | gudrun.sigridur.jonsdottir@mosmennt.is |
| Halldór Maríais Ásgeirsson | Matráður | halldor.marias.asgeirsson@mosmennt.is |
| Hallgrímur Jónasson | Íþróttakennari | hallgrimur.jonasson@mosmennt.is |
| Heiða Ólafsdóttir | Starfsmaður í skóla með stuðning | heida.olafsdottir@mosmennt.is |
| Helena Sveinbjarnardóttir | Umsjónarkennari | helena.sveinbjarnardottir@mosmennt.is |
| Helga Hermannsdóttir | Þroskaþjálfi | helga.hermannsdottir@mosmennt.is |
| Helga Hjördís Lúðvíksdóttir | Umsjónarkennari | helga.hjordis.ludviksdottir@mosmennt.is |

| | | |
|---|---|---|
| Helga Katrín Grétarsdóttir | Frístundastarfsmaður | helga.katrin.gretarsdottir@mosmennt.is |
| Helga Lára Bæringsdóttir | Umsjónarkennari | helga.lara.baeringsdottir@mosmennt.is |
| Hildur Pétursdóttir | Deildarstjóri/staðgengill skólastjóra | hildur.petursdottir@mosmennt.is |
| Hjálmar Már Sveinsson | Starfsmaður í skóla með stuðning | hjalmar.mar.sveinsson@mosmennt.is |
| Hlín Magnúsdóttir Njarðvík | Deildarstjóri stoðþjónustu | hlin.magnusdottir.njardvik@mosmennt.is |
| Hólmfríður Björnsdóttir | Sérkennskustjóri leikskóladeildar | holmfridur.bjornsdottir@mosmennt.is |
| Ivan Óli Santos | Starfsmaður í skóla með stuðning | ivan.oli.santos@mosmennt.is |
| Jelena Maleeva | Aðstoðarmatráður | jelena.mihailsdottir@mosmennt.is |
| Jóhanna E. Ingadóttir | Deildarstjóri yngsta stigs | johanna.eirika.ingadottir@mosmennt.is |
| Jóna Þorgerður Andrésdóttir | Umsjónarkennari | jona.thorgerdur.andresdottir@mosmennt.is |
| Karen Svöludóttir | Leikskólastarfsmaður | karen.svoludottir@mosmennt.is |
| Karl Alex Árnason | Leikskólastarfsmaður | karl.alex.arnason@mosmennt.is |
| Katrín Óladóttir | Grunnskólakennari | katrin.oladottir@mosmennt.is |
| Klara Gísladóttir | Umsjónarkennari | klara.gisladottir@mosmennt.is |
| Kolfinna Iðunn Atladóttir | Aðstoðarforstöðurmaður frístundar | kolfinna.idunn.atladottir@mosmennt.is |
| Kristbjörg Sunna Hafberg | Textílkennari | kristbjorg.sunna.hafberg@mosmennt.is |
| Kristjana Rakel Eyþórsdóttir | Leikskólastarfsmaður | kristjana.rakel.eythorsdottir@mosmennt.is |
| Kristinn Rafn Sveinsson | Leikskólastarfsmaður | kristinn.rafn.sveinsson@mosmennt.is |
| Kristján Jónsson | Starfsmaður í skóla með stuðning | kristjan.petur.jonsson@mosmennt.is |
| Laura Klaveniece | Aðstoðarmatráður | laura.klaveniece@mosmennt.is |
| Lidia Altarriba Orta | Íþróttakennari | lidia.altarriba@mosmennt.is |
| Lena Björk Dam | Starfsmaður í skóla með stuðning | lenabjorkdam@gmail.com |
| Linda Dögg Þorbergsdóttir | Umsjónarkennari | linda.dogg.thorbergsdottir@mosmennt.is |
| Linda Þorleifsdóttir | Leikskólastarfsmaður | linda.thorleifsdottir@mosmennt.is |
| Málfríður Bjarnadóttir | Deildarstjóri verkefna | malfridur.bjarnadottir@mosmennt.is |
| Margrét Valentína Diego | Leikskólastarfsmaður | margret.valentina.diego@mosmennt.is |
| Margrét Eðvarðsdóttir | Smíðakennari/gróðurhús | margret.lara.edvardsdottir@mosmennt.is |
| Margrét Ruth Sigurðardóttir | Umsjónarkennari | margret.ruth.sigurdardottir@mosmennt.is |
| Margrét Ýr Austmann | Starfsmaður í skóla með stuðning | margret.yr.austmann |
| Matthildur Þórðardóttir | Umsjónarkennari | matthildur.thordardottir@mosmennt.is |
| Melkorka Rán Ólafsdóttir | Þroskaþjálfi | melkorka.ran.olafsdottir@mosmennt.is |
| Milena Anna Ferster | Umsjónarkennari | Milena.anna.ferster@mosmennt.is |
| Nanna Ævarsdóttir | Sérkennari á unglingastigi | nanna.aevarsdottir@mosmennt.is |
| Natalía Dubrovka | UT kennsla | nataliia.dubrovka@mosmennt.is |

| | | |
|---|---|---|
| Natalía Weonika Jagielska | Starfsmaður í skóla með stuðning | natalia.weronika.jagielska@mosmennt.is |
| Oddný Þóra Logadóttir | Umsjónarkennari | oddny.logadottir@mosmennt.is |
| Ólöf Sighvatsdóttir | Sérkennari á miðstigi | olof.sighvatsdottir@mosmennt.is |
| Ólafía Sif Sverrisdóttir | Umsjónarkennari | olafia.sif.sverrisdottir@mosmennt.is |
| Ragnheiður Ásta Jóhannsdóttir | Starfsmaður í skóla með stuðning | ragnheidur.asta.johannsdottir@mosmennt.is |
| Rakel Guðnadóttir | Íþróttakennari | rakel.gudnadottir@mosmennt.is |
| Roelof Smelt | Umsjónarmaður tæknimála | roland@mosmennt.is |
| Rósa Ingvarsdóttir | Skólastjóri | rosa.ingvarsdottir@mosmennt.is |
| Sara Lind Kristbjörnsdóttir | Leikskólastarfsmaður | sara.lind.kristbjornsdottir@mosmennt.is |
| Sif Sigurþórsdóttir | Leikskólastarfsmaður | sif.sigurthorsdottir@mosmennt.is |
| Sigríður Helga Sigurðardóttir | Deildarstjóri miðstigs | sigridur.helga.sigurdardottir@mosmennt.is |
| Sigurbjörg Sara Finnsdóttir | Leikskólastarfsmaður | sigurbjorg.sara.finnsdottir@mosmennt.is |
| (Stefanía) Ósk Þorsteinsdóttir | Deildarstjóri leikskóladeildar | osk.thorsteinsdottir@mosmennt.is |
| Stefán Máni Hjartarson | Starfsmaður í skóla með stuðning | stefan.mani.hjartarson@mosmennt.is |
| Súsanna Rafnsdóttir | Starfsmaður í skóla með stuðning | susanna.rafnsdottir@mosmennt.is |
| Sylvía Tara Garðarsdóttir | Starfsmaður í skóla með stuðning | sylvia.tara.gardarsdottir@mosmennt.is |
| Svana Björk Jónsdóttir | Umsjónarkennari | svana.bjork.jonsdottir@mosmennt.is |
| Thelma Sól Sigvaldadóttir | Leikskólastarfsmaður | thelma.sol.sigvaldadottir@mosmennt.is |
| Tómas Rasmus | Skákkennari | tomas.rasmus@mosmennt.is |
| Una Sighvatsdóttir | Deildarstjóri frístundar | una.sighvatsdottir@mosmennt.is |
| Vangie Hermannsson | Leikskólastarfsmaður | vangie.hermannsdottir@mosmennt.is |
| Víkingur Hauksson | Umsjónarkennari | vikingur.hauksson@mosmennt.is |
| Yana BoBokal | Leikskólastarfsmaður | yana.BoBokal@mosmennt.is |
| Zuzanna Maria Banach | Leikskólastarfsmaður | zusanna.maria.banach@mosmennt.is |
| Þorbjörg Fanney Jensdóttir | Leikskólastarfsmaður | thorbjorg.fanney.jensdottir@mosmennt.is |
| Þorbjörg Sólbjartsdóttir | Umsjónarkennari | thorbjorg.solbjartsdottir@mosmennt.is |
| Þorgerður Sævarsdóttir | Leikskólakennari | thorgerdur.saevarsdottir@mosmennt.is |
| Ævar Örn Magnússon | Umsjónarkennari | aevar.orn.magnusson@mosmennt.is |



# 3 Skólastarf

Skóladagatöl í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar eru unnin í samstarfi milli allra skóla bæjarins. Allir kennarar skólans koma einnig að vinnunni. Samkvæmt áherslum Fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar eru vetrarfrí og starfsdagar á sama tíma í öllum skólum. Þetta skólaár var einn starfsdagur sem vera átti í apríl færður yfir í október vegna námsferðar starfsfólks. Málið var tekið fyrir í Fræðslunefnd og samþykkt þar.

## 3.1 Skóladagatöl

Samband íslenskra sveitarfélaga

# Leikskóladagatal 2024 - 2025

**Nafn leikskóla:** **Helgafellsskóli**

Skráning er alla föstudag frá kl. 14.
10 skráningardagar

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F **Sumarleikskóli** | 1 S | 1 Þ | 1 F | 1 S Fullveldisdagurinn | 1 M Nýársdagur | 1 L | 1 L | 1 Þ | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 S |
| 2 F **Sumarleikskóli (lok 4 viku)** | 2 M | 2 M | 2 L | 2 M | 2 F Starfsdagur - lokað | 2 S | 2 S | 2 M | 2 F | 2 M Sjómannadagurinn |
| 3 L | 3 Þ | 3 F | 3 S | 3 Þ | 3 F | 3 M | 3 M Bolludagur | 3 F | 3 L | 3 Þ |
| 4 S | 4 M | 4 F | 4 M | 4 M | 4 L | 4 Þ | 4 Þ Sprengidagur | 4 F | 4 S | 4 M |
| 5 M Frídagur verslunarmanna | 5 F | 5 L | 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 M | 5 M Öskudagur | 5 L | 5 M | 5 F |
| 6 Þ **Leikskólar opna kl. 10** | 6 F | 6 S | 6 M | 6 F | 6 M Þrettándinn | 6 F Dagur leikskólans | 6 F | 6 S | 6 Þ | 6 F |
| 7 M | 7 L | 7 M | 7 F | 7 L | 7 Þ | 7 F Dagur tónlistarskólans | 7 F | 7 M | 7 M | 7 L |
| 8 F | 8 S Dagur læsis | 8 Þ | 8 F Baráttudagur gegn einelti | 8 S | 8 M | 8 L | 8 L | 8 Þ | 8 F | 8 S Hvítasunnudagur |
| 9 F | 9 M | 9 M | 9 L | 9 M | 9 F | 9 S | 9 S | 9 M | 9 F | 9 M Annar í hvítasunnu |
| 10 L | 10 Þ | 10 F | 10 S | 10 Þ | 10 F | 10 M | 10 M | 10 F | 10 L | 10 Þ |
| 11 S | 11 M | 11 F | 11 M | 11 M | 11 L | 11 Þ Dagur íslenska táknmálsins | 11 Þ | 11 F | 11 S | 11 M |
| 12 M | 12 F | 12 L | 12 Þ | 12 F | 12 S | 12 M | 12 M | 12 L | 12 M | 12 F |
| 13 Þ | 13 F | 13 S | 13 M | 13 F | 13 M | 13 F | 13 F | 13 S Pálmasunnudagur | 13 Þ | 13 F |
| 14 M | 14 L | 14 M | 14 F | 14 L | 14 Þ | 14 F | 14 F Dagur stærðfræðinnar | 14 M **Skráningardagur** | 14 M | 14 L |
| 15 F | 15 S | 15 Þ | 15 F | 15 S | 15 M | 15 L | 15 L | 15 Þ **Skráningardagur** | 15 F | 15 S |
| 16 F | 16 M Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | 16 L Dagur íslenskrar tungu | 16 M | 16 F | 16 S | 16 S | 16 M **Skráningardagur** | 16 F | 16 M |
| 17 L | 17 Þ | 17 F | 17 S | 17 Þ | 17 F | 17 M | 17 M | 17 F Skírdagur | 17 L | 17 Þ Lýðveldisdagurinn |
| 18 S | 18 M | 18 F | 18 M | 18 M | 18 L | 18 Þ | 18 Þ | 18 F Föstudagurinn langi | 18 S | 18 M |
| 19 M | 19 F | 19 L | 19 Þ | 19 F | 19 S | 19 M | 19 M | 19 L | 19 M Starfsdagur - lokað | 19 F |
| 20 Þ | 20 F **Fræðsludagur Mos** | 20 S | 20 M Dagur mannréttinda barna | 20 F | 20 M | 20 F | 20 F | 20 S Páskadagur | 20 Þ | 20 F |
| 21 M | 21 L | 21 M | 21 F | 21 L | 21 Þ | 21 F | 21 F | 21 M Annar í Páskum | 21 M | 21 L |
| 22 F | 22 S | 22 Þ | 22 F | 22 S | 22 M | 22 L | 22 L | 22 Þ | 22 F | 22 S |
| 23 F | 23 M | 23 M | 23 L | 23 M **Þorláksmessa / Skráningardagur** | 23 F | 23 S Konudagur - upphaf Góu | 23 S | 23 M | 23 F | 23 M |
| 24 L | 24 Þ | 24 F **Skráningardagur** | 24 S | 24 Þ Aðfangadagur jóla | 24 F Bóndadagur - fyrsti dagur þorra | 24 M **Skráningardagur** | 24 M | 24 F Sumardagurinn fyrsti | 24 L | 24 Þ |
| 25 S | 25 M | 25 F **Skráningardagur** | 25 M | 25 M Jóladagur | 25 L | 25 Þ **Skráningardagur** | 25 Þ | 25 F | 25 S | 25 M |
| 26 M | 26 F Evrópski tungumáladagurinn | 26 L Fyrsti vetrardagur | 26 Þ | 26 F Annar í jólum | 26 S | 26 M | 26 M | 26 L | 26 M | 26 F Fæðingardagur forseta Íslands (GThJ) |
| 27 Þ | 27 F | 27 S | 27 M | 27 F **Skráningardagur** | 27 M | 27 F | 27 F | 27 S | 27 Þ | 27 F |
| 28 M | 28 L | 28 M Starfsdagur - lokað | 28 F | 28 L | 28 Þ | 28 F | 28 F | 28 M | 28 M | 28 L |
| 29 F | 29 S | 29 Þ Starfsdagur - lokað | 29 F | 29 S | 29 M | | 29 L | 29 Þ | 29 F Uppstigningardagur | 29 S |
| 30 F | 30 M | 30 M | 30 L | 30 M **Skráningardagur** | 30 F | | 30 S | 30 M | 30 F | 30 M |
| 31 L | | 31 F | | 31 Þ Gamlársdagur | 31 F | | 31 M | | 31 L | |

Helgafellsskóli

Samband íslenskra sveitarfélaga

## Skóladagatal 2024 - 2025

Nafn skóla: Helgafellsskóli

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | | 1 S | | 1 Þ | | 1 F | | 1 S | Fullveldisdagurinn | 1 M | Nýársdagur | 1 L | | 1 L | | 1 Þ | | 1 F | Verkalýðsdagurinn | 1 S | Sjómannadagurinn | 1 Þ | |
| 2 F | | 2 M | | 2 M | | 2 L | | 2 M | | 2 F | | 2 S | | 2 S | | 2 M | | 2 F | | 2 M | | 2 M | |
| 3 L | | 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 Þ | | 3 F | Starfsdagur | 3 M | | 3 M | Bolludagur | 3 F | | 3 L | | 3 Þ | | 3 F | |
| 4 S | | 4 M | | 4 F | | 4 M | | 4 M | | 4 L | | 4 Þ | | 4 Þ | Sprengidagur | 4 F | | 4 S | | 4 M | | 4 F | |
| 5 M | Frídagur verslunarmanna | 5 F | | 5 L | | 5 Þ | | 5 F | | 5 S | | 5 M | | 5 M | Öskudagur | 5 L | | 5 M | | 5 F | Tvöfaldur dagur* | 5 L | |
| 6 Þ | | 6 F | | 6 S | | 6 M | | 6 F | | 6 M | Þrettándinn | 6 F | Dagur leikskólans | 6 F | | 6 S | | 6 Þ | | 6 F | **Skólaslit** | 6 S | |
| 7 M | | 7 L | | 7 M | | 7 F | | 7 L | | 7 Þ | | 7 F | Dagur tónlistarskólans | 7 F | | 7 M | | 7 M | | 7 L | | 7 M | |
| 8 F | | 8 S | Dagur læsis | 8 Þ | | 8 F | Baráttudagur gegn einelti | 8 S | | 8 M | | 8 L | | 8 L | | 8 Þ | | 8 F | | 8 S | Hvítasunnudagur | 8 Þ | |
| 9 F | | 9 M | | 9 M | | 9 L | | 9 M | | 9 F | | 9 S | | 9 S | | 9 M | | 9 F | | 9 M | Annar í hvítasunnu | 9 M | |
| 10 L | | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | | 10 Þ | | 10 F | | 10 M | | 10 M | | 10 F | | 10 L | | 10 Þ | starfsdagur | 10 F | |
| 11 S | | 11 M | | 11 F | | 11 M | | 11 M | | 11 L | | 11 Þ | Dagur íslenska táknmálsins | 11 Þ | | 11 F | | 11 S | | 11 M | starfsdagur | 11 F | |
| 12 M | | 12 F | | 12 L | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 M | **Foreldraviðtöl** | 12 M | | 12 L | | 12 M | | 12 F | | 12 L | |
| 13 Þ | | 13 F | | 13 S | | 13 M | | 13 F | | 13 M | | 13 F | | 13 F | | 13 S | Pálmasunnudagur | 13 Þ | | 13 F | | 13 S | |
| 14 M | | 14 L | | 14 M | | 14 F | | 14 L | | 14 Þ | Afmæli Helgafellsskóla | 14 F | | 14 F | | 14 M | Páskafrí | 14 M | | 14 L | | 14 M | |
| 15 F | Starfsdagur | 15 S | | 15 Þ | | 15 F | | 15 S | | 15 M | | 15 L | | 15 L | | 15 Þ | Páskafrí | 15 F | | 15 S | | 15 Þ | |
| 16 F | Starfsdagur | 16 M | Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | **Foreldraviðtöl** | 16 L | Dagur íslenskrar tungu | 16 M | | 16 F | | 16 S | | 16 S | | 16 M | Páskafrí | 16 F | | 16 M | | 16 M | |
| 17 L | | 17 Þ | | 17 F | | 17 S | | 17 Þ | | 17 F | | 17 M | | 17 M | | 17 F | Skírdagur | 17 L | | 17 Þ | Lýðveldisdagurinn | 17 F | |
| 18 S | | 18 M | | 18 F | | 18 M | | 18 M | | 18 L | | 18 Þ | | 18 Þ | | 18 F | Föstudagurinn langi | 18 S | | 18 M | | 18 F | |
| 19 M | Starfsdagur | 19 F | | 19 L | | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | | 19 M | | 19 M | | 19 L | | 19 M | Starfsdagur | 19 F | | 19 L | |
| 20 Þ | Starfsdagur | 20 F | **Fræðsludagur Mosfellsbæj** | 20 S | | 20 M | Dagur mannréttinda barna | 20 F | **Jólaball** | 20 M | | 20 F | | 20 F | | 20 S | Páskadagur | 20 Þ | | 20 F | | 20 S | |
| 21 M | Starfsdagur | 21 L | | 21 M | | 21 F | | 21 L | | 21 Þ | | 21 F | | 21 F | | 21 M | Annar í Páskum | 21 M | | 21 L | | 21 M | |
| 22 F | Starfsdagur | 22 S | | 22 Þ | | 22 F | | 22 S | | 22 M | | 22 L | | 22 L | | 22 Þ | | 22 F | | 22 S | | 22 Þ | |
| 23 F | **Skólasetning** | 23 M | | 23 M | | 23 L | | 23 M | Þorláksmessa | 23 F | | 23 S | Konudagur - upphaf Góu | 23 S | | 23 M | | 23 F | | 23 M | | 23 M | |
| 24 L | | 24 Þ | | 24 F | Vetrarfrí | 24 S | | 24 Þ | Aðfangadagur jóla | 24 F | Bóndadagur - fyrsti dagur þorra | 24 M | Vetrarfrí | 24 M | | 24 F | Sumardagurinn fyrsti | 24 L | | 24 Þ | | 24 F | |
| 25 S | | 25 M | | 25 F | Vetrarfrí | 25 M | | 25 M | Jóladagur | 25 L | | 25 Þ | Vetrarfrí | 25 Þ | | 25 F | | 25 S | | 25 M | | 25 F | |
| 26 M | | 26 F | Evrópski tungumáladagurinn | 26 L | Fyrsti vetrardagur | 26 Þ | | 26 F | Annar í jólum | 26 S | | 26 M | | 26 M | | 26 L | | 26 M | | 26 F | Fæðingardagur forseta Íslands (GThJ) | 26 L | |
| 27 Þ | | 27 F | | 27 S | | 27 M | | 27 F | | 27 M | | 27 F | | 27 F | | 27 S | | 27 Þ | | 27 F | | 27 S | |
| 28 M | | 28 L | | 28 M | Starfsdagur | 28 F | | 28 L | | 28 Þ | | 28 F | | 28 F | | 28 M | | 28 M | | 28 L | | 28 M | |
| 29 F | | 29 S | | 29 Þ | Starfsdagur | 29 F | | 29 S | | 29 M | | | | 29 L | | 29 Þ | | 29 F | Uppstigningardagur | 29 S | | 29 Þ | |
| 30 F | | 30 M | | 30 M | | 30 L | | 30 M | | 30 F | | | | 30 S | | 30 M | | 30 F | | 30 M | | 30 M | |
| 31 L | | | | 31 F | | | | 31 Þ | Gamlársdagur | 31 F | | | | 31 M | | | | 31 L | | | | | |

* Tvöfaldur dagur vegna viðburða nemenda

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

## 3.2 Skýringar á skóladagatali

Tvö skóladagatöl eru í skólanum og eru þau höfð eins samræmd og hægt er.

Á leikskóladagatali Helgafellsskóla eru fimm starfsdagar á skólaárinu og eru þeir á sama tíma og í grunnskóladeildinni. Sumarleyfi hvers nemanda í leikskóladeildinni skal vera 20 samfelldir dagar. Lokað er í öllum leikskólum Mosfellsbæjar nema einum í 20 daga í júlí/ágúst og er þeim nemendum sem taka leyfi utan þess tíma boðið að koma í opna leikskólann meðan lokað er í þeirra skóla. Foreldraviðtöl eru í leikskóladeildinni tvisvar yfir skólaárið og er þeim dreift á nokkra daga eða vikur eftir aðstæðum hverju sinni. Viðtölin eru í nóvember og febrúar/mars ár hvert. Skráningardagar eru í leikskóladeildinni þá daga sem eru vetrarfrí í grunnskóladeild, virku dagana í dimbilvikunni og virka daga milli jóla og nýárs og frá klukkan tvö alla föstudaga. Ef börnin þurfa leikskóladvöl þessa daga þá þurfa foreldrar að skrá þau sérstaklega og er greitt aukalega fyrir þá.

Nemendur í 1. – 10. bekk eru 180 daga í skólanum ár hvert. Skólasetning þetta skólaár er 23. ágúst. Fimm starfsdagar kennara er á skólaárinu og eru þeir á sama tíma og í leikskóladeildinni og sama skipulag er á dögunum. Vetrarfrí eru í grunnskóladeildinni í október og febrúar, tveir dagar í hvort skipti. Foreldradagar eru einn á hvorri önn, annar í nóvember og hinn í febrúar. Í vetur verða fyrri viðtölin kennarastýrð á yngsta stigi en seinni nemendastýrð. Á mið- og unglingastigi verða bæði viðtölin nemendastýrð.Þá sjá nemendur sjálfir um viðtalið þar sem rædd er líðan, framgangur í námi, mætingar og fleira. Nemendur vinna að undirbúningi viðtalsins með aðstoð kennara jafnt og þétt yfir skólaárið. Tilgangurinn er að valdefla nemendur og auka meðvitund þeirra um eigið nám, bæði hvað er vel gert

og líka hvað má betur fara. Ef foreldrar vilja tala sérstaklega við kennara  þá er alltaf hægt að óska eftir því, hvort sem er í kringum viðtölin eða á öðrum tíma.

## 3.3 Stundatöflur/dagskipulag

Skóladagur nemendur í 1. – 4. bekk er frá kl. 8.10 – 13.20 en nemendur í 5. – 7. bekk byrja í skólanum kl. 8.10 og er misjafnt hvenær kennsludegi líkur, þó aldrei seinna en kl. 15.10.
Á síðasta skólaár var ákveðið að fara í það tilraunaverkefni að hefja skóladaginn aðeins seinna hjá nemendum í unglingadeild. Sú tilraun gekk vel svo nú hefur verið ákveðið að eftirleiðis hefjist skóladagurinn á unglingastigi kl. 8.50 og mismunandi er eftir dögum og árgöngum hvenær honum líkur, þó aldrei seinna en kl. 15.

Kennslustundir í allri grunnskóladeildinni eru 40 mínútur og eru þær samtals 30 í hverri viku á yngsta stigi, 35 hjá miðstigi og 37 hjá unglingastigi.

Tvennar tuttugu/þrjátíu mínútna frímínútur eru á hverjum degi. Nemendur yngsta stigs fara í fyrri frímínútur  kl. 9.30 – 10 og hinar í hádeginu strax  eftir hádegismat. Í hádeginu byrjar yngsta stig í mat kl. 11.20 – 11.40 og síðan eru frímínútur kl. 11.40 – 12. Miðstig fer í fyrri frímínútur kl. 10.10 – 10.30 og hinar í hádeginu. Í hádeginu byrjar 5., 6. og 7. bekkur í mat kl. 11.50 til 12.10 og fer svo út í frímínútur til kl. 12.30. Nemendur í 8. – 10. bekk fara í fyrri frímínútur kl. 10.10 – 10.30 en hádegishléð er frá 12.10 – 12.40. Nemendur á yngsta og miðstigi fara út í frímínútur en nemendur unglingastigs mega velja um að fara í félagsmiðstöðina Bólið eða fara út.

Sérgreinar á yngsta og miðstigi þetta skólaár eru: heimilisfræði, heilsuefling, smíði, textílmennt, myndmennt, skák og listir (tónmennt og leiklist). Nemendur eru ýmist eina önn, þriðjung eða fjórðung úr vetri í hverri list- og verkgrein.
Nemendur í 8. – 10. bekk eru sex stundir á viku í valfögum. Nemendur velja úr ýmsum mismunandi valfögum fyrir haustönn og svo aftur fyrir vorönn. Nemendur í 8. bekk eru auk valsins í heimilisfræði og heilsueflingu en nemendur í 9. og 10. bekk geta valið þær greinar sem valfag. List og verkgreinar fléttast auk þessa inn í SPLÆS verkefni.







## 3.4  Val nemenda 8. - 10. bekkur

Nemendur í 8. – 10. bekk eru í valfögum sex stundir á viku, á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum, tvær kennslustundir í hvert skipti. Valfögin hafa fengið nafnið Dínamík. Dæmi um það sem er í boð: gróðurhúsið, hekl og prjón, leiklist, spænska, snillingaverkefni og framkoma og færni.

Síðu með upplýsingum um valið má finna hér

Nemendur sem eru í tónlistarnámi og/eða íþróttum sem taka mikinn tíma geta fengið tvo tíma metna ef foreldrar og þjálfarar/tónlistakennara skrifa undir blað þess efnis.

## 3.5 Helstu viðburðir og vettvangsferðir

Öll nemendasvæði skólans heita eftir fellum sem eru í nágrenni skólans. Hver árgangur gengur upp á sitt fell á skólaárinu. Þegar nemendur hafa verið alla sína skólagöngu í Helgafellsskóla hafa þeir kynnst flestum fellum í sínu nær-umhverfi.
Fjallganga er eins og lífið sjálft. Hvert skref upp á við færir mann nær toppnum og hver fer á sínum hraða. Gangan krefst þolinmæði og þrautseigju sem er mikilvægt að tileinka sér til að ná árangri í lífinu.

| Hópar | fell | hæð |
|---|---|---|
| leikskóladeild | Sauðhóll | 50 m |
| leikskóladeild | Lágafell | 123 m |
| leikskóladeild | Helgafell | 216 m |
| leikskóladeild | Æsustaðafjall | 218 m |
| 1. bekkur | Hádegisfell | 234 m |
| 2. bekkur | Hafrafell | 245 m |
| 3. bekkur | Reykjafell | 269 m |
| 4. bekkur | Mosfell | 282 m |
| 5. bekkur | Reykjaborg | 286 m |
| 6. bekkur | Þverfell | 290 m |
| 7. bekkur | Úlfarsfell | 294 m |
| 8. bekkur | Grímmannsfell | 484 m |
| 9. bekkur | Skálafell | 774 m |
| 10. bekkur | Móskarðshnjúkar | 807 m |

Allar leikskóladeildirnar og einnig fyrstu bekkir grunnskóladeildarinnar heimsækja Bókasafn Mosfellsbæjar reglulega yfir skólaárið og fá þar fræðslu auk þess sem þeir fá lánaðar bækur til að nota í skólanum.

Haldið er upp á afmæli skólans á hverju ári. Skólinn hóf starfsemi 14. janúar 2019 og verður hann því 6 ára á þessu skólaári.

Á hverju ári er haldin vorhátíð þar sem nemendur skólans blandast eftir árgöngum í skemmtileg verkefni. Foreldrum er boðið að koma og vera með á vorhátíðinni.

Nemendur á elstu leikskóladeildinni sem heitir Æsustaðafjall fara í uppskeruferð á lokadögum sínum í leikskóladeilinni.

Nemendur í 1. bekk fara á vordögum í heimsókn á bóndabæ þar sem þeir komast í nálægð við húsdýrin sem þeir hafa verið að læra um yfir veturinn.

Nemendur í 4. bekk taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni sem byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin. Markmiðið er að keppa að því að ná betri árangri í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu. Lögð er áhersla á virðingu og vandvirkni, allir nemendur taka þátt á sínum forsendum og allir fá viðurkenningarskjal í lokin.

Nemendur í 7. bekk taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Félagið *Raddir* hefur haldið utan um keppnina í 25 ár. Á síðasti ári tók Mosfellsbær yfir umsjón keppninnar í bæjarfélaginu og mun gera það áfram. Markmið Stóru upplestrarkeppninnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Þessi markmið falla að stefnu Aðalnámskrá grunnskóla sem fjallar um upplestur og vandaðan og skýran framburð.



Nemendur í 7. bekk fara í skólabúðirnar á Reykjum á 3. – 6. mars 2025. Í búðunum fá nemendur tækifæri til að efla leiðtogahæfni og vinna með sjálfsmynd sína og styrkleika.

Nemendur í 10. bekkur fara í útskriftarferð á síðustu dögum skólaársins. Foreldrar sjá um skipulag ferðarinnar og fjáröflun. Kennarar árgangsins fara með nemendum og foreldrum í ferðina.





## 3.6 Útfærsla viðmiðunarstundaskrár

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skal hver nemandi fá 4800 mínútur í kennslu á viku samtals í 1. – 4. bekk. Skiptast þessar mínútur milli árganganna fjögurra og geta mínúturnar verið mismunandi margar eftir árgöngum. Nemandi í 5. – 7. bekk skal fá 4200 mínútur á viku sem skiptast milli árganganna þriggja og nemandi í 8. – 10. bekk skal fá 4440 mínútur sem skiptast milli árganganna.

Í aðalnámskránni kemur fram að gert sé ráð fyrir að dreifingin sé sem eðlilegust milli námsgreina á námstímanum og byggð á faglegum sjónarmiðum. Þó mega skólar aðlaga útfærslur viðmiðunar-stundaskrárinnar að þörfum sínum en birta skal útfærsluna í starfsáætlun skólans.
Ein af stoðum Helgafellsskóla er samþætting námsgreina. Ákveðin þematengd verkefni eru unnin reglulega þar sem námsgreinarnar fléttast inn í verkefnin eins og þarf hverju sinni til að leysa verkefnin. Það getur verið flókið að setja ákveðinn tímafjöldi á hverja námsgrein þegar verkefnin eru unnin út frá mörgum námsgreinum í einu en þó er viðmiðunarstundaskráin alltaf höfð til hliðsjónar. Stundaskrár árganganna eru settar þannig upp að sérgreinar, sund, íþróttir og valgreinar eru tilgreindar en aðrir tímar eru skráðir bekkjartímar. Þetta er gert þar sem stundaskráin er mismunandi milli vikna og markmiðið er alltaf að samþætta námsgreinar sem mest í stærri þematengdum verkefnum. Þannig verður námið merkingabærara fyrir nemendur og þeir sjá frekar tilgang með náminu.

## 3.7 Tilhögun kennslu (náms-/kennsluáætlanir)

Kennarar vinna í teymum innan hvers árgangs og er árgöngunum stýrt sameiginlega af teymunum þar sem allir kennarar bera jafna ábyrgð á öllum nemendum árgangsins. Árgöngum er ekki skipt upp í bekki en þeim er skipt upp í minni hópa eftir því sem passar nemendum og starfinu hverju sinni. Kostir teymiskennslu er margvíslegir. Þar má nefna sveigjanleika og fjölbreytni í verkefnum fyrir nemendur. Samstarf kennara auðveldar vinnu við úrlausn erfiðra mála. Kennarar fá stuðning hver frá öðrum og geta nýtt mismunandi styrkleika sína eftir því sem við á.

Lögð er áhersla á að nemendur fái nám við hæfi þar sem matið fer fram jafnóðum og nemendur hafa tækifæri út frá matinu til að læra og bæta.

Lykilhæfni aðalnámskrár er lögð til grundvallar öllu starfi í Helgafellsskóla, þ.e. að:

- nemendur geti tjáð hugsanir, munnlega, skriflega og á anna hátt,
- nemendur hafi sköpun og frumkvæði að leiðarljósi í efnistöku og skilum á verkefnum,
- nemendur geti unnið sjálfstætt, í samvinnu og undir leiðsögn annarra,
- nemendur nýti margvíslega miðla í námi sínu á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt,
- nemendur beri ábyrgð á eigin námi og leggi mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Þessir þættir fléttast inn í allar námsgreinar og endurspeglast í starfsháttum og skólabrag Helgafellsskóla.

Kennsluáætlanir fyrir hvern árgang eru birtar á heimasíðu skólans undir flipanum kennsluáætlanir.

## 3.8 Foreldra- og nemendaviðtöl

Börn, foreldrar/forráðamenn og starfsfólk skólans mynda saman skólasamfélagið í Helgafellsskóla. Menntun og velferð barnanna er sameiginlegt verkefni heimila og skóla, en samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og góðri upplýsingamiðlun.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann. Þeir geta fylgst með börnum sínum í leik og starfi í samráði við kennara og stjórnendur skólans. Hvetjum við foreldra til að hafa samband við skólann vilji þeir afla sér upplýsinga eða eiga samtal um ákveðin mál. Tölvupóstur er einnig þægilegt samskiptaform og má finna netföng starfsfólks á heimasíðu skólans og í þessari starfsáætlun.

Skipulögð foreldraviðtöl í grunnskóladeildinni eru tvisvar á ári. Þetta skólaár eru fyrri viðtölin 16. október 2024 og seinni 12. febrúar 2025. Bæði viðtölin verður nemendastýrð á mið- og unglingagstigi. Á yngsta stigi verða fyrri viðtölin kennarastýrð en seinni nemendastýrð. Fyrir nemendastýrðu vi-tölin undirbúa nemendur sig jafnt og þétt yfir allan veturinn hvernig þeir vilja kynna fyrir foreldrum sínum framgang námsins, líðan og mætingar. Kennarar eru til staðar en koma ekki inn í viðtalið nema þess sé óskað af foreldrum eða nemendum.

Umsjónarkennarar eru í reglulegum samskiptum við foreldra bæði á fundum og í tölvupóstum. Í hverri viku senda kennarar póst um helstu verkefni vikunnar.

Foreldraviðtöl í leikskóladeildinni eru tvisvar á ári, í nóvember og febrúar/mars. Teymisstjórar boða foreldra í viðtöl og hafa sum viðtölin undanfarið ár farið fram í gegnum samskiptaforrit á netinu en önnur verið í skólanum, allt eftir þörfum foreldra.

## 3.9 Samræmd próf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ákvað í febrúar 2022 að fresta fyrirlögn samræmdra prófa í 4., 7. og 9. bekk um óákveðinn tíma.

Starfshópur um samræmt námsmat hefur verið stofnaður og lagði hann til að samræmd könnunarpróf yrðu felld niður í núverandi mynd þar sem þau henta ekki núverandi skólakerfi. Unnið er að *Matsferli* sem er ný verkfærakista sem ætti að þjóna betur áherslum nútímans. *Matsferli* er ætlað að koma í stað samræmdra prófa.

## 3.10 Skólareglur

Skólasáttmála Helgafellsskóla er að finna á heimsíðu skólans: Skólasáttmáli Helgafellsskóla

Yfirsáttmáli allra nemenda og starfsfólks er þessi:

- *Við sýnum hvert öðru góðmennsku og jákvætt viðmót.*
- *Við göngum vel um skólann, bæði úti og inni og förum vel með eigur hans og annarra*
- *Við mætum stundvíslega og vinnum alltaf eins vel og við getum.*
- *Við göngum inni í skólanum og notum innirödd*

Einnig fjallar sáttmálinn um frímínútur, snjall- og spjalltæki, um skólalóðina og nesti. Hann er á heimasíðu skólans og einnig viðbrögð við brotum á sáttmálanum.

Skólasáttmálinn er sýnilegur á öllum nemendasvæðum og unnið er með hann reglulega með það að markmiði að búa til góðan skólabrag þar sem öllum líður vel.

Verkefnið Taktur vinnur með skólasáttmálann og að bættum skólabrag auk þess sem hann tekur utan um ákveðin þemu í hverjum mánuði.  Inn í þemun fléttast m.a. snjallræði og heimspeki. Taktinn má finna á síðunni: Taktur

## 3.11 Viðurlög við brotum (snjalltæki, reykingar, rafrettur)

Viðurlög við brotum á skólasáttmála Helgafellsskóla eru á heimasíðu skólans: Skólasáttmáli Helgafellsskóla

## 3.12 Áherslur skólaársins

Kennarar í Helgafellsskóla skipuleggja skólastarfið í samræmi við stefnu skólans og aðalnámskrá grunnskóla.

**Helstu áherslur skólans eru:**

**Taktur:**

Taktur er þróunarverkefni  þar sem m.a. er unnið með skólasáttmálann og að bættum skólabrag í gegnum ýmis verkefni. Slóðin er hér: Taktur. Nemendur læra ýmsar leiðir til að sýna góða og ábyrga hegðun.  Einnig er snjallræði hvers mánaðar tengt mánaðarþema Takts svo og ýmis önnur verkefni.

Þemu hvers mánaðar eru eftirfarandi:

**ágúst – skólinn minn**
**september – ég sjálf/ur/t**
**október – vinátta og virðing**
**nóvember umhverfið mitt**
**desember – þakklæti**
**janúar – heimspeki**
**febrúar – hugrekki**
**mars- vaxtarhugarfar**
**apríl – styrkleikar**
**maí – samfélagið mitt**
**júní - náttúran**

**Teymiskennsla:**

Kennarar vinna í teymum innan hvers árgangs og er hverjum árgangi stýrt sameiginlega af teymunum þar sem allir bera jafna ábyrgð á öllum nemendum árgangsins. Árgöngum er ekki skipt upp í bekki heldur er nemendum skipt í minni hópa eftir því sem við á hverju sinni. Lögð er áhersla á samkennslu, einstaklingsmiðun og teymisvinnu starfsfólks.

Kostir teymiskennslu er margvíslegir. Þar má nefna sveigjanleika og fjölbreytni í verkefnum fyrir nemendur. Samstarf kennara auðveldar vinnu við úrlausn erfiðra samskipta- og agamála. Kennarar fá stuðning hver af öðrum og geta nýtt mismunandi hæfileika sína eftir því sem við á. Teymiskennsla kallar líka fram vinnuhagræðingu og álag dreifist á fleiri herðar. Kennarar læra hver af öðrum og því verður meiri starfþróun hjá öllum.

Hægt er að skipta nemendahópnum í alls kyns mismunandi hópa allt eftir verkefnum og þörfum nemenda. Nemendur hafa fleiri kennara til að leita til með sín mál og geta því frekar fundið þann sem hentar þeirra málum hverju sinni.

**Lestrarstefna Helgafellsskóla:**

Menntamálastofunun og Mosfellsbær hófu fyrir nokkrum misserum samstarf og samvinnu um að efla málfærni, málþroska og læsi leikskólabarna í Mosfellsbæ. Í samningnum fellst meðal annars að leik-skólar bæjarins muni leggja áherslu á snemmtæka íhlutun varðandi málfærni, málþroska og læsi og í samræmi við áherslur sem settar voru fram í Þjóðarsáttmála um læsi 2015.



Lestrarstefna Helgafellsskóla er stefna sem kennarar skólans vinna eftir og eru drög að stefnunni tilbúin og komin á heimasíðu skólans. Stefnan er leið-beinandi fyrir kennara, foreldra og forráðamenn, um hvernig unnið er með þjálfun lestrarfærni, lesfimipróf, lesskilningspróf, skimanir og greiningarpróf.

Lestrarkennsluaðferð Helgafellsskóla er **Byrjendalæsi.** Það hefur verið þróað á vegum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri frá 2004. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð ætluð börnum á yngsta stigi. Innleiðing Byrjendalæsis tekur tvö ár fyrir hvern þann kennara sem vill nota Byrjendalæsi og tveggja ára viðbótar nám þarf til að þjálfa leiðtoga en leiðtogar sjá um að viðhalda Byrjendalæsi í sínum skóla. Við Helgafellsskóla er starfandi einn leiðtogi.

Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn verði læs sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Þegar börn hefja nám í 1. bekk eru þau misjafnlega á vegi stödd. Sum þekkja bara sinn staf, önnur eru farin að lesa og allt þar á milli. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Byrjendalæsisaðferðin er heildstæð nálgun í móðurmálskennslu og einkennist af nokkrum gefnum forsendum. Frumforsenda er nauðsyn þess að vinna jöfnum höndum með tal, hlustun, lestur og ritun. Unnið er út frá gæðatexta með ríkum orðaforða. Lestrarnámið á að vera skemmtilegt. Takturinn í vinnu nemenda er frá heild, til eindar og aftur til heildar þar sem fjölbreytt verkefni eru í fyrirrúmi og virk þátttaka nemenda er tryggð. Rík áhersla er lögð á leik og sköpun nemenda og að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum. Þannig er hægt að virkja alla, gera slaka lesara betri og góða lesara framúrskarandi.



Góð lestrarfærni er undirstaða alls náms og Helgafellsskóli leggur því mikla áherslu á lestrarkennslu. Lestrarþjálfun er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og áherslur taka mið af stöðu nemenda hverju sinni. Notuð eru ákveðin hraðaviðmið til að meta lestrarfærni nemenda sem Menntamálastofnun gefur út. Þar er metinn fjöldi rétt lesinna orða á mínútu. Til að ná góðum tökum á lestrinum er þó einnig mikilvægt að hafa markvissa þjálfun í lesskilningi. Það er gert með því að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í lesskilningi. Góðan lesskilning þarf að efla jafnt og þétt, vinna með orðaforða, málskilning og málvitund með mismunandi aðferðum frá upphafi grunnskólagöngu barnanna.

**<u>Heimalestur</u>**

Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn láti sig heimalestur barna sinna varða alla skólagönguna. Lestrarkennslan fer fram í skólanum, en stór hluti þjálfunar fer fram heima. Allir nemendur verða því að lesa heima daglega til að fá nægilega þjálfun sem nauðsynleg er til að ná lestrarfærni. Markmiðið með heimalestri er að nemendur auki leshraða sinn og efli orðaforða og málskilning.

Nemendur yngsta- og miðstigi þurfa að lesa heima í a.m.k. 15 mínútur daglega og foreldrar skrá í appið **Læsir** tímann hverju sinni. Nauðsynlegt er að nemendur lesi upphátt fyrir foreldra í heimalestri.

**<u>Snemmtæk íhlutun í málörvun, í leikskóladeild:</u>**

Áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og að brugðist verði við, um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik, hjá ungum börnum. Með því að veita markvissa málörvun í gegnum leik og daglegar aðstæður sem fyrst, er leitast við að draga úr erfiðleikum sem barnið kann að lenda í síðar meir. Leitast er eftir því að aðlaga íhlutunina að þörfum hvers barns með því að skilgreina hvaða málþætti þarf að styrkja. Áhersla er einnig lögð á einstaklingsáætlanir, skráningu og mat á árangri.

Snemmtæk íhlutun í málörvun felst í því að byrja nógu snemma að greina málþroskafrávik; skilgreina í hverju vandinn er fólginn með því að fá góðar bakgrunnsupplýsingar varðandi barnið og skoða vel hvaða málþætti þarf að vinna með, ásamt því að veita ráðgjöf og markvissa þjálfun til að ná árangri.

**Lubbi finnur málbein**

Unnið er með námsefnið Lubbi finnur málbein í leikskóladeildinni. Lubbi er íslenskur fjárhundur sem langar mikið til að læra að tala mannamál en til þess þarf hann að læra öll málhljóðin. Börnin hjálpa Lubba að læra málhljóðin og í leiðinni öðlast þau meiri skilning á tungumálinu og öðlast góða undirstöðu fyrir lestrarnám.

**Verkefnamiðað nám:**

Verkefnamiðað nám (*e. project based learning*) er kerfisbundið safn kennsluaðferða sem leggur áherslu á þátttöku nemenda um leið og þeir tileinka sér mikilvæga þekkingu, skilning og lykilhæfni í gegnum rannsóknarvinnu. Verkefnavinnan byggist á raunverulegum spurningum og vandlega uppsettum viðfangsefnum og námstækifærum.

Auk þess felur verkefnavinnan í sér tækifæri fyrir nemendur til:

- Aukinnar virkni þar sem þeir eru drifnir áfram af fróðleikslöngun í gegnum glímu við fjölbreytt viðfangsefni.
- Að vinna með málefni sem snerta þá og tengjast daglegu lífi þeirra.
- Að taka ákvarðanir er varða eigið verkefni, ákveða hvernig þeir vinna og hvað þeir skapa.
- Samvinnu við sérfræðinga í samfélaginu og nám sem nær út fyrir skólann.
- Að kynna afrakstur vinnu sinnar, utan sem innan skólans.
- Að taka þátt í ferli þar sem jafnvægi ríkir í námsmati og byggist á sjálfsmati, jafningjamati og leiðsagnarmati í þeim tilgangi að veita nemendum tækifæri til að auka hæfni sína.

**Leikur að læra:**



Í bæði leik- og grunnsskóladeildum er unnið með kennsluaðferðina “Leikur að læra”. Bóklegar námsgreinar eru kenndar í gegnum hreyfingu, skynjun og leik á markvissan, faglega og árangursríkan hátt.

Hreyfing er manninum eðlislæg og öll skynhreyfireynsla eykur varðveislu þekkingar. Hreyfing hefur einnig áhrif á hæfileikann til að varðveita nýja þekkingu og kunnáttu og kalla hana fram síðar.

**Vaxtarhugarfar og leiðsagnarnám:**

Vaxtarhugarfar (e. *growth mindset*) er hugarfar sem gengur út á að trúa því að með því að þróa hæfileika sína með vinnusemi, aðstoð og góðum aðferðum geti maður gert það sem mann langar til. Í stað þess að segja „Ég kann þetta ekki“ þá segjum við „ Ég á eftir að læra þetta“.  Mistök eru eðlilegur hluti af námi og til þess fallin að læra af þeim. Ef maður gerir aldrei mistök er maður sennilega ekki að læra neitt nýtt. Í Helgafellsskóla vinnum við að því að nemendur tileinki sér þetta hugarfar. Rannsóknir benda til að vaxtarhugarfar bæti vinnusemi nemenda og þannig nái þeir betri árangri í námi.

**Leiðsagnarnám/leiðsagnarmat**

Áhersla er á leiðsagnarnám í skólanum en þá fá nemendur reglulega endurgjöf frá kennurum með það að markmiði að veita þeim viðeigandi leiðsögn. Nemendur eiga sjálfir sitt nám og bera ábyrgð á því. Þannig vinna þeir betur. Mikilvægt er að nemendur viti alltaf af hverju þeir eru að læra ákveðna hluti og skilji til hvers er ætlað af þeim. Mistök eru leyfileg og skapa tækifæri til frekara náms. Ef nemendur gera aldrei mistök þá er námið sennilega of auðvelt og þá eru nemendur að bæta litlu við sig. Unnið er með námsfélaga og í hverri stofu eru námsveggir.

**Núminútur og athyglisþjálfun:**

Í skólanum eru Núminútur nokkrum sinnum í viku í mörgum árgöngum. Núminútur eru róleg stund þar sem nemendur þjálfa athygli, öndun og einbeitingu. Markmiðið með núminútum er að nemendum gangi betur í námi, tómstundum og öðru því sem þeir taka sér fyrir hendur. Einnig geta þeir notað tæknina sem þeir öðlast til að ná betri tökum á kvíða, reiði, hræðslu og stressi. Nemendur í leikskóladeildinni fara í jógastund einu sinni í viku þar sem þeir þjálfa sig í athygli, núvitund og liðleika.

**Útinám**



Mikið er lagt upp úr útinámi í Helgafellsskóla. Umhverfi skólans býður upp á marga skemmtilega staði s.s. eins og Reykjalundarskógur, Helgafell og önnur fell í nágrenni skólans. Með útikennslu er nám, bæði bóklegt og verklegt, fært út fyrir veggi skólans. Nemendur fá tækifæri til að upplifa hluti í raunverulegum aðstæðum og nýta hluti úr náttúrunni til að dýpka nám sitt. Einnig felst í útinámi heilsuefling og hreyfing og nemendur kynnast alls konar nýjum stöðum og áskorunum um leið og þeir njóta útiveru og hreyfingar.



Leikskóladeildin fékk styrk úr Klörusjóði vorið 2023 til að kaupa 6 gönguskíði fyrir nemendur. Skíðin nýtast vel í útinámi. Þau þjálfa m.a. samhæfingu nemenda og auka úthald og styrk ásamt því að búa til skemmtilegar samverustundir nemenda úti í snjónum.

Foreldrafélagið gaf á vordögum 2023 skólanum bálpönnu sem nýtist vel í útinámi.

**Snjallræði - hönnunarstund:**

**Snjallræði** er samþætt verkefni sem allir nemendur skólans vinna að í hönnunarstundum. Mánaðarlega glíma allir nemendur skólans við sömu hönnunaráskorun sem þeir leysa í hópum. Markmiðið er að kenna nemendum hönnunarhugsun (*e. Design thinking*). Þetta verkefni hófst skólaárið 2021 – 2022 og hefur gengið einstaklega vel.

Í hverjum mánuði er ein áskorun þar sem nemendur eiga að finna lausn á einhverju verkefni með hönnunarhugsun. Dæmi um minni áskoranir sem nemendur glíma við í vetur er að hanna hvernig skóli á að vera og að hanna nýtt dýr. Tvisvar á skólaárinu, einu sinni á hvorri önn er stærri áskorun sem unnin er í heila viku eða lengur. Þá glíma nemendur við raunveruleg vandamál. Haustáskorunin á þessu

skólaári verður verkefni um samskipti og samvinnu en voráskorunin verður að gera góðverk og láta öðrum líða betur. Yfirskriftin er: Hvernig get ég haft áhrif á samfélagið mitt og látið gott af mér leiða. Þessi áskorun hefur verið tvö undanfarin vor og verður núna í þriðja sinn.



**<u>Splæs á mið- og unglingastigi</u>**

Splæs er samþætting á íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, dönsku og upplýsingatækni. Unnið er í lotum með mismunandi þemu. Námsgreinarnar eru þá fléttaðar saman í ákveðin verkefni.

Haustið 2021 var í fyrsta sinn unnið út frá þessu skipulagi og er þetta þróunarverkefni. Skólinn hlaut styrk úr Sprotasjóði til að þróa þetta verkefni skólaárið 2021-2022 og síðan þá hefur verið unnið að þróun verkefnisins.

Loturnar eru skipulagðar út frá hæfniviðmiðum eins og þau birtast í Aðalnámskrá. Jafnframt eru verkefnin skipulögð út frá lykilhæfni eins og hún birtist í Aðalnámskrá en lykilhæfnin er rauði þráðurinn í þessum verkefnum. Hæfniviðmiðin verða alltaf sýnileg nemendum og taka þeir m.a. sjálfir þátt í að meta hvort þeir hafi náð tilsettum markmiðum.

Leitast er við að hafa verkefnin fjölbreytt og skemmtileg og er töluvert svigrúm fyrir val. Þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að auðvelt er að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur og allir eiga að geta nýtt sína styrkleika. Bæði verður um einstaklings- og hópverkefni að ræða.

Nemendur skila verkefnunum í gegnum Google Classroom þar sem þau eru metin. Nemendur hafa kost á að laga verkefnin sín og skila aftur. Í lok hverrar lotu er námsmatið birt nemendum og foreldrum á Mentor.is.

**<u>Nýsköpun – vísindasmiðja</u>**

Nýsköpunarsmiðja Helgafellsskóla er í þróun. Ætlunin er að bjóða áhugasömum nemendum að koma í vísindasmiðjuna og læra fjölbreytta leiðir til nýsköpunar. Þar verður hægt að vinna með ýmis tól og tæki og gera tilraunir og uppgötvanir. Skólinn á þegar ýmsan búnað í smiðjunni en unnið er að því að bæta inn á hverju ári einhverju sem styrkir smiðjuna enn frekar.

Nýsköpunarsmiðjan á m.a. Tækni-Legó. Legóið er notað til að kenna eðlisfræði og fleira. Einnig er í smiðunni til “róbót” sem nemendur læra að forrita. Á vordögum 2023 gaf foreldrafélagið skólanum Cricut skera sem mun nýtast vel í verkefnavinnnu í smiðjunni.

**Gróðurhús Helgafellsskóla**

Kennsla í gróðurhúsi skólans hefur verið í þróun síðasta skólaár og verður áfram. Nemendur á öllum aldri hafa komið að ræktun í gróðurhúsinu ásamt því að smíða borð og bekk til nota þar. Ræktaðar hafa verið matjurtir af ýmsu tagi, m.a. tómatar, kryddjurtir og salt. Afraksturinn hefur svo farið heim með nemendum og einnig hefur verið boðið upp á salat og kryddjurtir úr gróðurhúsinu í matsalnum.

Margrét Lára Eðvarðsdóttir kennari fékk á vordögum 2023 styrk úr Klörusjóði til að þróa kennslu í gróðurhúsinu. Afraksturinn má sjá hér: Kennsla í gróðurhúsi Helgafellsskóla

**Skákkennsla**

Nemendur í 2. - 8. bekk eru með fasta skáktíma í stundatöflu. Einnig er boðið upp á skák í vali á unglingastigi. Nemendur í 1. bekk fá námskeið í skák á vordögum.



Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á gildi skákkennslu. Námsgeta eykst með margvíslegum hætti hjá ólíkum hópum nemenda. Rannsóknir sýna sérstaklega aukna getu á sviði lestrar, lesskilnings og stærðfræði. Nemendur þjálfast í að einbeita sér að úrlausn verkefna innan tiltekins tímaramma. Ímyndunarafl og sjónminni þjálfast þar sem nemendur þurfa að sjá fyrir sér röð leikja og atburða áður en þeir eiga sér stað. Forsjálni (að hugsa fram í tímann) þjálfast þar sem nemendur þurfa að hugsa áður en þeir leika og reyna að sjá fyrir sér afleiðingar eigin ákvarðana og bregðast við í framhaldinu. Áætlanagerð og strategía eru hluti af skákinni. Nemendur þjálfast í að þróa langtímaáætlanir og markmið sem þeir síðan þurfa að greina niður í smærri skref einstakra leikja til að ná settu marki. Þeir þjálfast einnig í að endurmeta áætlanir sínar eftir því sem landslagið á skákborðinu breytist. Fjölþættar lausnir og þrautseigja þjálfast hjá nemendum. Þeir festast ekki í einni hugsun heldur að leita stöðugt nýrra leiða og lausna við að takast á við aðstæður. Félagsleg tengsl og samheldni styrkist í skákinni. Það sem vakið hefur hvað mesta eftirtekt í rannsóknum seinni tíma á áhrifum skáklistarinnar í skólastarfi er hversu vel skákin hefur reynst félagslega og þá sem samfélagslegt tæki innan veggja skólans. Skákiðkun leiðir þannig saman ólíka hópa krakka með mismunandi bakgrunn sem að öðrum kosti leiða jafnan ekki saman hesta sína.

**Söngstundir**



Undanfarin ár hafa nemendur í leikskóladeild hist í söngstund einu sinni í viku og þess á milli æfa nemendur lögin sem sungin eru í söngstundinni.

Þetta skólaár munum nemendur í 1. – 4. bekk hittast einu sinni í viku (á þriðjudagsmorgnum) í hátíðarsal skólans og syngja saman. Árgangarnir skiptast á að velja lög sem svo allir æfa fyrir söngstundirnar. Sönglögin efla orðaforða nemenda auk þess sem söngurinn eykur marga færniþætti sem tengja má við mál og læsi.

**Fimmtudagsfróðleikur**

Deildarstjóri stoðþjónustu hefur undanfarin ár sent foreldrum skemmtilegar og áhugaverðan fróðleik og ráð til að nýta heima fyrir.










## *3.12.1 Yfirlit yfir skimanir og próf*

### EFI – 2 málþroskaskimun

EFI – 2 málþroskaskimun skimar máltjáningu og málskilning hjá börnum á fjórða aldursári.

Fyrri hluti skimunarinnar kannar málskilningsþætti þar sem t.d. er kannaður skilningur á stærða- og fjöldahugtökum, litaheitum, óyrtum orðaforða og yfirhugtökum. Einnig skilningi á neitunarsetningum og setningum sem tengjast tímaröð. Áhrif vinnsluminnis eru líka könnuð.

Seinni hluti skimunarinnar kannar málskilning

### Tras í leikskóladeild

Í leikskóladeild er unnið með skráningarlistann Tras þar sem fylgst er með máltöku tveggja til fimm ára barna. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir félagsleg samskipti og nám. Ef niðurstöður í EFI skimun koma ekki vel út er Tras notað til að ná betur utan um það sem barnið þarf frekari aðstoð við.

### Hljóm í leikskóladeild

Hljóm er greiningartæki sem unnið er með í leikskóladeild hjá 5 ára börnum og kannar hljóðkerfisvitund. Greiningin er gerð í því skyni að greina börnin sem kunnu að verða í lestrarerfiðleikum síðar meir og vinna strax að því að hjálpa þeim.

**Míó í leikskóladeild**

Unnið er með Míó skimunarefni í stærðfræði í leikskóladeildinni. Hvert barn er skimað þrisvar á leikskólagöngunni. Skimunin er gerð við daglegt starf og athafnir í skólanum. Skimunin nær til þriggja meginsviða stærðfræðinnar, þrautalausna, rúmfræði og talningar og fjölda. Henni er ætlað að greina styrkleika og veikleika barna á sviði stærðfræði. Þá er hægt að mæta hverju barni þar sem það er staddi og vinna að því að efla bæði styrkleikana og veikileikana.

**Helstu skimanir í grunnskóladeild:**

| | | 1. bekkur | 2. bekkur | 3. bekkur | 4. bekkur | 5. bekkur | 6. bekkur | 7. bekkur | 8. bekkur | 9. bekkur | 10. bekkur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| sep | Lesfimipróf - MMS | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| | Stafakönnun | ✓ | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| okt | Lesferill - lesskimun | ✓ | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| nóv | Orðarún 1 - lesskilningur | ● | ● | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ● | ● |
| jan | Lesfimipróf - MMS | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| apr | Lesmál | ● | ✓ | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● | ● |
| | Orðarún 2 - lesskilningur | ● | ● | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ● | ● |
| maí | Lesfimipróf - MMS | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |

### *3.12.2 Niðurstöður skólapúlsins*

**Áætlun til fjögurra ára:**

**Skólaárið 2021 - 2022**

| Skólapúls | Ág. | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. | Jan. | Feb. | Mars | Apríl | Maí | Júní |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nemendakönnun 1. - 5. bekk | | | | | | | | | | | |
| Nemendakönnun 6. - 10. bekk | | | | | | | | | | | |
| Foreldrakönnun leikskóla | | | | | | | x | | | | |
| Foreldrakönnun grunnskóla | | | | | | | x | | | | |

**Skólaárið 2022 - 2023**

| Skólapúls | Ág. | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. | Jan. | Feb. | Mars | Apríl | Maí | Júní |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nemendakönnun 1. - 5. bekk | | | | | | | | | x | | |
| Nemendakönnun 6. - 10. bekk | | x | x | x | x | x | x | x | x | x | |
| Foreldrakönnun leikskóla | | | | | | | | | | | |
| Foreldrakönnun grunnskóla | | | | | | | | | | | |

**Skólaárið 2023 - 2024**

| Skólapúls | Ág. | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. | Jan. | Feb. | Mars | Apríl | Maí | Júní |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nemendakönnun 1. - 5. bekk | | | | | | | | | | | |
| Nemendakönnun 6. - 10. bekk | | | | | | | | | | | |
| Foreldrakönnun leikskóla | | | | | | | x | | | | |
| Foreldrakönnun grunnskóla | | | | | | | x | | | | |

**Skólaárið 2024 - 2025**

| Skólapúls | Ág. | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. | Jan. | Feb. | Mars | Apríl | Maí | Júní |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nemendakönnun 1. - 5. bekk | | | | | | | | | x | | |
| Nemendakönnun 6. - 10. bekk | | x | x | x | x | x | x | x | x | x | |
| Foreldrakönnun leikskóla | | | | | | | | | | | |
| Foreldrakönnun grunnskóla | | | | | | | | | | | |

**Niðurstaða úr foreldrakönnunum í leik- og grunnskóladeild**

**Foreldrakönnun grunnskóla 2024**
Könnunin var lögð fyrir í febrúar 2024 og lauk í byrjun mars 2024. Hún var í sex flokkum og mælir 41 þátt. Foreldrar geta tekið könnunina á íslensku, pólsku eða ensku. Fjöldi þátttakenda var 120 og svöruðu 80 af þeim eða 66,7% þeirra sem fengu könnunina.

**Nám og kennsla:**
Spurt var um fjóra þætti varðandi nám og kennslu. Þrír af þessum þáttum voru á pari við landsmeðaltal en spurningar varðandi aga í skólanum komu markvisst lakar út en á landsvísu. Það sem ákveðið var að gera í framhaldi af því var að stofna teymi kennara og stjórnenda sem fer yfir skólasáttmálann og verkferla varðandi aga og agabrot. Hópurinn mun skila niðurstöðum á skólaárinu 2024 – 2025.

**Velferð nemenda:**
Spurningar varðandi velferð nemenda voru í þrettán liðum. Flestir þættir varðandi líðan nemenda komu betur út en landsmeðaltal. Einn þáttur kom út markvert undir landsmeðaltali en það er spurning um eineltisáætlun skólans. Því hefur verið ákveðið að kynna þá áætlun betur og verið er að útbúa tilkynningarblað sem verður á heimasíðu skólans. Einnig er í skoðun að gera sameiginlega áætlun fyrir alla skóla Mosfellsbæjar.

**Aðstaða og þjónusta:**
Allar spurningar um þessa þætti komu út yfir landsmeðaltali eða á pari við landsmeðaltal. Því er hægt að áætla að foreldar séu ánægðir með þá þjónustu sem spurt var um eins og mataráskrift, tómstundaþjónustu svo og aðstöðu í skólanum.

**Foreldrasamstarf:**
Þátturinn um frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi kom út markvert fyrir ofan landsmeðtaltal. Hins vegar var ánægja með síðustu foreldraviðtöl markvert fyrir neðan landsmeðaltal. Í framhaldi af þeirri niðurstöðu var farið í að senda foreldrum frekari könnun um það hvað veldur óánægjunni. Það sem þar kom fram var að foreldrum yngstu nemendanna sérstaklega finnst vanta foreldraviðtal þar sem kennarinn stýrir viðtalinu. En á síðasta ári voru bæði foreldraviðtölin nemendastýrð. Því hefur verið ákveðið að hafa fyrra viðtalið á yngsta stigi kennarastýrt þetta skólaárið.

**Heimastuðningur:**
Spurningarnar undir þessum lið komu út svipað og á landsmeðaltali. Tvær spurningar sem komu örlítið undir landsmeðaltali, þó ekki marktækt eru spurningar um hvort heimanám sé hæftilegt og tími sem foreldrar aðstoða við heimanám. Ekki kemur þó fram hvort foreldrum finnist heimanám of mikið eða of lítið. Það er þáttur sem þarf að skoða betur og verður gert í vetur.

**Opin svör:**
Í opnu svörunum gátu foreldrar svarað fjórum spurningum, um það sem þeim finnst gott við skólann, um það sem betur má fara, koma með ábendingar um heimasíðuna og ábendingar um snjallsímanotkun í skólanum.
Í spurningunni um það sem foreldrum finnst gott við skólann kemur fram góð líðan nemenda, góðir kennarar, góð samskipti milli heimilis og skóla, góð aðstaða, fjölbreyttir kennsluhættir og góð stjórnun.

Þegar foreldrar voru spurðir um það sem betur má fara koma svör um vöntun á íþróttahúsi, vöntun á bílastæðum, of stórir nemendahópar, ekki nógu góð upplýsingagjöf, vöntun á betri gæslu í frímínútum, ósk um meiri heimavinnu, skólalóðin mætti vera betri, betur mætti taka á eineltismálum og bæta tengsl milli kennara og foreldra.

**Foreldrakönnun leikskóla 2024**

Könnunin var lögð fyrir í febrúar 2024 og lauk í byrjun mars 2024. Hún var í sex flokkum og mælir 31 þátt. Foreldrar geta tekið könnunina á íslensku, pólsku eða ensku. Fjöldi þátttakenda var 97 og svöruðu 80 af þeim eða 82,5% þeirra sem fengu könnunina.

**Daglegt leikskólastarf:**

Flestar spurningar í þessum flokki voru nokkuð á pari við landsmeðaltal. Spurningar um húsnæði og aðstöðu voru nokkuð yfir landsmeðaltali en spurning um stjórnun skólans undir. Skoða þarf nánar hvað það er sem veldur óánægju foreldra varðandi stjórnunina og verður það gert á haustdögum.

**Námsumhverfi:**

Í þessum flokki kom þáttur um vinnubrögð undir landsmeðaltali. Því hefur verið ákveðið að kynna betur það starf sem unnið er og gera allt skipulag sýnilegra foreldrum. Að því verður unnið með kennarateymum skólans.

**Samskipti við foreldra:**

Í þessum flokki kom upplýsingamiðlun og þekking á stefnu og námskrá leikskólans undir landsmeðaltali. Því þarf eins og kemur fram í liðnum hér fyrir ofan að fara í vinnu við að kynna betur það starf sem unnið er í leikskóladeildinni.

**Upphaf og lok leikskólagöngu:**

Í þessum flokki kemur fram ánægja með flutning á milli leik- og grunnskólastigsins en ekki á milli leikskóladeilda. Einnig eru foreldrar ósáttir við leikskólabyrjun hjá þeirra börnum. Því þarf að fara betur yfir aðlögunarplan og verkferla varðandi það.

**Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta:**

Ánægja er meðal foreldra um sérfræðiþjónustu og sérkennslu sem skólinn veitir.

**Opin svör:**

Opin svör voru í 10 liðum.

Það sem foreldrum finnst jákvætt við skólann er starfsfólkið, móttökur að morgni, aðstaðan í húsinu, líðan barnanna, hversu starfið er fjölbreytt, gott andrúmsloft, góðir teymisstjórar, upplýsingagjöf frá skólanum og hversu skólasamfélagið er jákvætt.

Það sem betur má fara samkvæmt foreldrum eru agamál, mikil mannekla sem þarf að laga, upplýsingagjöf frá degi til dags, skáningardagarnir eru ekki góðir og útisvæðið er ekki gott.

Spurðir um daglegt starf segja foreldrar það vera fjölbreytt og gott, frábært hvað er farið í margar ferðir, Lubbi er frábær og kennslan á gönguskíði einnig.

Foreldrar voru spurðir opinnar spurningar um stjórnun skólans. Þar kom fram að upplýsingagjöf mætti vera betri og sýnileiki stjórnenda meiri.

Þegar spurt var um samskipti við leikskólann finnst foreldrum vanta fleiri myndir úr stafinu inn á Völu, vanta fleiri foreldraviðtöl og vilja meiri upplýsingar um starfið á deildunum.



# 4 Frístund og tómstundir

## 4.1 Frístundasel

Frístundastarf er í boði fyrir nemendur í 1. – 4 bekk eftir að kennsludegi lýkur alla virka daga. Opið er frá kl. 13.20 – 16.30.

Allar breytingar á högum barna varðandi frístund þarf að tilkynna fyrir 20. hvers mánaðar og taka þær þá gildi mánaðarmótin þar á eftir. Frístundarþjónusta er rukkuð fyrirfram og því brýnt að gera breytingar í tæka tíð.

Breytingar eru gerðar í gegnum **Völu frístund:** VALA

## 4.2 Tómstunda- og félagsstarf í skóla

Tómstundastarfið í skólanum fyrir unglingastig er skipulagt af nemendaráði í samráði við kennara og starfsmenn Helgó-Bóls.

Félagsmiðstöðin Bólið er með starf í skólanum í öllum frímínútum fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk Einnig er opið fyrir nemendur í 8. – 10. bekk á þriðjudags-, fimmtudagskvöldum í hverri viku frá 19.15 – 22.00. Einnig er opið þriðja hvern föstudag á sama tíma í HelgóBóli. Opið er fyrir nemendur miðstigs einu sinni í viku eftir skóla. Bólið er á þriðju hæð skólans. Nemendur sem koma í kvöldopnun fara í gegnum inngang sem er vestan megin við skólann.

Yfirmaður Heló- Bóls er Emma Íren Egilsdóttir og er hún með netfangið *emmairen@mos.is.*

Starfsmenn Bólsins sjá um ýmsa fræðslu á skólatíma í samstarfi við kennara unglingastigs. Sem dæmi um fræðslu má nefna verkefnið *Sjúk ást.*

Bólið skipuleggur og heldur utan um foreldrarölt fyrir foreldra í Mosfellsbæ í samstarfi við foreldra-félögin í skólunum.

Frekari upplýsingar um starfsemi Bólisins má finna á síðunni bolid.is

# 5 Stoðþjónusta

Í Helgafellsskóla er starfandi fjölbreyttur hópur ýmissa sérfræðinga sem sinna stoðþjónustu við nemendur. Stoðþjónustan styður við almenna kennslu innan skólans. Meðal sérfræðinga eru sérkennarar, þroskaþjálfi, iðjuþjálfi og náms- og starfsráðgjafi.

## 5.1 Nemendavernd

Nemendaverndarráð er starfandi í skólanum. Ráðið er þverfaglegt og starfar samkvæmt *Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.*

Hlutverk nemendaverndarráðs skv. 17 gr. ofangreindrar reglugerðar er:
"…*er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs."*

Nemendaverndarráð fundar aðra hverja viku allt skólaárið. Einu sinni í mánuði er málefni yngri nemenda rædd og einu sinni í mánuði eldri nemenda.
Þeir sem sitja í nemendaverndarráði eru:

Rósa Ingvarsdóttir .......................................................................................................... Skólastjóri
Hlín Magnúsdóttir Njarðvík ......................................................................Deildarstjóri stoðþjónustu

Jóhanna E. Ingadóttir ........................................................ Deildarstjóri grunnskóladeildar (yngsta stig)
Sigríður Helga Sigurðardóttir ..................................................Deildarstjóri grunnskóladeildar (miðstig)
Hildur Pétursdóttir ........................................................ Deildarstjóri grunnskóladeildar (unglingastig)
Una Sighvatsdóttir ............................................................................................ Deildarstjóri frístundar
Arna Pétursdóttir ..........................................................................................Náms- og starfsráðgjafi
Ragnheiður Axelsdóttir .................................................................Frá Fræðsluskrifstofu Mosfellsbæjar
Kristín Edda Guðmundsdóttir ........................................................Frá Fræðsluskrifstofu Mosfellsbæjar
Inga Björk Valgarðsdóttir ......................................... Hjúkrunarfræðingur á Heilsugæslu Mosfellsbæjar

## 5.2 Fyrirkomulag sérkennslu/stoðþjónustu

Stuðningur og sérkennsla eru ætluð þeim sem þurfa meiri aðstoð við nám sitt en kennarar geta veitt í almennum kennslustundum. Sérkennslan fer að mestu fram í bekkjarstofum en getur þó í einstaka tilfellum farið fram á öðru svæði ef það þjónar hagsmunum nemanda.

Helstu markmið þessarar þjónustu eru að styrkja sjálfsmynd nemenda og veita þeim kennslu í samræmi við þroska og getu og að styrkja þá í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Ekki er gerð krafa um að nemandi hafi greiningu á námsvanda til að hann fái stuðning eða sérkennslu. Ef nemandi hefur þörf fyrir sérþjónustu þá leggur starfsfólk skólans sig fram um að mæta henni. Deildarstjóri stoðþjónustu og sálfræðingur skólans vinna greiningar á þroska, lestrarfærni, einbeitingu og fleiri þáttum með samþykki og í samráði við foreldra viðkomandi nemenda.

## 5.3 Námsver

Ekki eru sérstök námsver í Helgafellsskóla og er markmiðið að nemendur fá þá þjónustu sem þeir þurfa inni í almennum bekkjardeildum.

## 5.4 Náms- og starfsráðgjöf

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda.

Námsráðgjafi Helgafellsskóla er Arna Pétursdóttir.

Námsráðgjafi vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmis konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda. Hann er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra. Aðstoð námsráðgjafa beinist að því að auka þekkingu nemenda á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi.

Samvinna milli nemenda og námsráðgjafa er grundvöllur þess að ráðgjöf nýtist nemandanum.

Allir nemendur og forráðamenn þeirra eiga kost á að snúa sér til námsráðgjafa. Þeir geta komið að eigin frumkvæði og milliliðalaust eða komið boðum í gegnum stjórnendur eða umsjónarkennara nemanda.

**Helstu verkefni námsráðgjafa eru að:**

- halda utan um aðlögun nýrra nemenda skólans,
- veita ráðgjöf og leiðsögn um nám og vinnuaðferðir,
- taka þátt í fyrirbyggjandi starfi í samráði og samvinnu við ýmsa aðila,
- veita persónulega ráðgjöf fyrir nemendur og foreldra,
- veita ráðgjöf og upplýsingar vegna náms- og starfsvals að loknu grunnskólanámi,
- aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir áhugasviðum sínum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf.

## 5.5 Skólaþjónusta Mosfellsbæjar

Á fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar er starfrækt skólaþjónusta fyrir leik- og grunnskóla bæjarins. Í reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum 444/2019 stendur um inntak og markmið skólaþjónustu:

*Skólaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við börn í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.*

*Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.*

*Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.*

*Þegar fjallað er um mat í reglugerð þessari er átt við mat á færni og stöðu barna og barnahópa. Viðeigandi matstæki geta til dæmis verið samræmd könnunarpróf, skimunarpróf, greiningartæki, kannanir, athuganir og skoðun á einstaklingum eða barnahópum sem nýtast til að ná markmiðum reglugerðarinnar.*

### 5.5.1 Sálfræðiþjónusta

Sálfræðingar starfa í skólaþjónustu fræðslu- og frístundasviðs. Þeir vinna í nánu samstarfi við skólastjórnendur og sitja í nemendaverndarráðum grunnskóla. Beiðni um þjónustu sálfræðinga fer ávallt í gegnum viðkomandi skóla. Sálfræðingar sinna almennri sálfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla bæjarins. Í því felst sálfræðilegt mat, greining, stuðningur og ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsmanna skóla. Sálfræðingar sinna einnig forvarnarstarfi, námskeiðahaldi og almennri fræðslu. Þeir gera áætlanir um íhlutun og taka þátt í samstarfi við aðra fagaðila og stofnanir, s.s. félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

### 5.5.2 Ráðgjöf

Sérfræðingar í leik- og grunnskólamálum sem og frístundamálum starfa á fræðslu- og frístundasviði. Þeir vinna í nánu samstarfi við skólastjórnendur og deildarstjóra/sérkennslustjóra. Þeir veita m.a. kennslufræðilega ráðgjöf vegna einstaklinga og hópa, sinna eftirfylgd í einstaklingsmálum og sitja í

teymum einstaklinga sé þess óskað. Beiðni um slíka ráðgjöf eða setu í teymum fer ávallt í gegnum viðkomandi skóla. Verkefnastjóri skólaþjónustu situr í nemendaverndarráðum grunnskóla. Sérfræðingar fræðslu- og frístundasviðs vinna einnig í samstarfi við skólastjórnendur að ýmsum verkefnum sem styðja við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra og veita leiðbeiningar og aðstoð við þau verkefni sem upp koma í skólastarfi. Þeir taka einnig þátt í samstarfi við sjálfstætt starfandi ráðgjafa sem og ráðgjafa frá sérskólum.

### 5.5.3 Talmeinagreining og ráðgjöf

Talmeinafræðingur starfar hjá skólaþjónustu fræðslu- og frístundasviðs. Hægt er að senda beiðni um þjónustu talmeinafræðings til að meta frávik sem kunna að vera í tjáningu, skilningi og/eða tali barna. Beiðni um þjónustu talmeinafræðings fer ávallt í gegnum viðkomandi skóla eða leikskóla. Meginhlutverk talmeinafræðings er greining á talmeinum og ráðgjöf til foreldra og starfsmanna skóla um þjálfun og íhlutun.

### 5.5.4 Ferli einstaklingsmála

Ef foreldri hefur áhyggjur *af þroska barns, hegðun, líðan eða námserfiðleikum* hefur foreldri samband við deildarstjóra barns í leikskóladeild/umsjónarkennara barnsins í grunnskóladeild. Deildarstjóri deildar eða umsjónarkennari leitar með málið til sérkennslustjóra/deildarstjóra stoðþjónustu skólans. Sérkennslustjóri/deildarstjóri stoðþjónustu kallar til þá aðila sem málið varðar innan skólans. Í fyrstu er unnið samkvæmt verkferlum skóla. Verkferlar skóla geta meðal annars falið í sér aukið samstarf við foreldra, skoðun á fyrirliggjandi gögnum um barnið, skráningu áætlunar til að bregðast við vanda barnsins, íhlutun, þjálfun og sérstuðning allt eftir eðli máls. Á þessu stigi getur skólinn óskað eftir ráðgjöf frá skólaþjónustu fræðslusviðs með því að fylla út „Beiðni til skólaþjónustu fræðslu- og frístundasviðs“.

Ef mat starfsmanna og foreldra er að ekki hafi náðst nægur árangur kynnir sérkennslustjóri/deildarstjóri stoðþjónustu mál barnsins í nemendaverndarráði grunnskóla/samráði leikskóla (leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjóri). Ef ákveðið er að barn þurfi nánari greiningu sálfræðings eða talmeinafræðings skrifa foreldrar undir *„Beiðni til skólaþjónustu fræðslu- og frístundasviðs“* og fylla út tilheyrandi gátlista. Kennari fyllir einnig út gátlista fyrir skóla. Beiðnir um frekari greiningu eru afhentar sálfræðingi skóla eða verkefnastjóra skólaþjónustu á nemendaverndarráðsfundi/samráðsfundi sérkennslustjóra og skólaþjónustu. Starfsmaður skólaþjónustu fræðslu- og frístundasviðs hefur síðan samband við foreldra um frekari vinnslu málsins. Innan skólans er áfram unnið að námi og velferð barnsins í nánu samstarfi við foreldra.



## 5.6 Skóla- og ráðgjafarþjónusta Mosfellsbæjar

Á fræðslu- og frístundasviði Mosfellsbæjar er starfrækt skóla- og ráðgjafaþjónusta fyrir leik- og grunnskóla bæjarins. Í reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum 444/2019 stendur um inntak og markmið skólaþjónustu:

Skólaþjónusta tekur annars vegar til stuðnings við börn í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga er að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.

Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

### *5.6.1 Skóla- og ráðgjafaþjónusta fræðslu- og frístundasviðs*

Í skóla- og ráðgjafaþjónustu starfa sálfræðingar, talmeinafræðingur og ráðgjafar í leik- og grunnskólamálum.
Starfsfólk skóla- og ráðgjafaþjónustu vinnur í nánu samstarfi við skólastjórnendur og deildarstjóra stoðþjónustu/sérkennslustjóra og situr í nemendaverndarráðum grunnskóla og samráðsteymum leikskóla. Starfsfólk skóla- og ráðgjafarþjónustu veitir stuðning, ráðgjöf og fræðslu til barna, foreldra og starfsfólks skóla auk þess sem lagðar eru fyrir athuganir og greiningar þegar þess gerist þörf. Einnig er eftirfylgd í einstaklingsmálum svo sem þátttaka í stuðningsteymi barns. Þá hefur starfsfólk einnig samstarf við aðra fagaðila og stofnanir, s.s. velferðarþjónustu og heilbrigðisþjónustu í þágu farsældar barna.

### *5.6.2 Ferli einstaklingsmála*

Ef foreldri hefur áhyggjur *af þroska barns, hegðun, líðan eða námserfiðleikum* hefur foreldri samband við deildarstjóra barns í leikskólanum/umsjónarkennara barnsins í grunnskólanum. Deildarstjóri deildar eða umsjónarkennari leitar með málið til sérkennslustjóra/deildarstjóra stigs eða stoðþjónustu skólans. Skóli virkjar sína verkferla til að meta og greina stöðuna og hvaða íhlutun þurfi til að styðja við barnið. Verkferlar skóla geta meðal annars falið í sér aukið samstarf við foreldra, viðtal við barn, skoðun á fyrirliggjandi gögnum um barnið, skráningu áætlunar til að bregðast við og styðja við barnið, íhlutun, þjálfun og sérstuðning allt eftir eðli máls. Á þessu stigi getur skóli óskað eftir **ráðgjöf** frá skóla- og ráðgjafaþjónustu fræðslu- og frístundasviðs með því að fylla út „Kortlagningu skóla" og óska eftir ráðgjöf.

Ef mat starfsfólks og foreldra er að úrræðin sem voru virkjuð hafi ekki skilað tilsettum árangri er mál tekið fyrir í lausnarteymi skóla þar sem farið er í lausnaleit og ákvörðun tekin um næstu skref. Lausnarteymi skóla getur tekið ákvörðun með samþykki foreldra um að máli sé vísað í nemendaverndarráð í grunnskólum og samráðsteymi í leikskólum til frekari umfjöllunar og íhlutunar. Sameiginlegir verkferlar skóla og skóla- og ráðgjafaþjónustu eru virkjaðir til að leggja mat á þá vinnu sem hefur farið fram og hvaða íhlutun þarf til að styðja áfram við barnið og fjölskylduna.

Ef máli er vísað til skóla- og ráðgjafaþjónustu fræðslu- og frístundasviðs hefur starfsmaður samband við foreldra um frekari vinnslu málsins. Innan skólans er áfram unnið að námi og velferð barnsins í nánu samstarfi við foreldra meðal annars með því að stofna stuðningsteymi ef þurfa þykir. Barn getur tekið þátt í vinnu stuðningsteymis að teknu tilliti til aldurs og þroska.

## 5.7 Velferðarsvið Mosfellsbæjar

Velferðarsvið Mosfellsbæjar býður upp á félagslega ráðgjöf, þar sem veittar eru upplýsingar um félagsleg réttindamál ásamt ráðgjöf og stuðningi til einstaklinga og fjölskyldna sem á því þurf að halda. Ráðgjöf er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ávallt er leitast eftir samvinnu við aðra þá sem veita þjónustu.

Velferðarsvið Mosfellsbæjar fer einnig með barnaverndarþjónustu samkvæmt barnaverndarlögum. Öllum sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við velferðarsvið vegna slíkra mála. Að sama skapi skal sviðið leitast við að eiga gott samstarf við sömu aðila.

Hægt er að sækja um félagslega ráðgjöf hjá velferðarsviði inn á íbúagátt Mosfellsbæjar með því að ýta á hlekkinn hér fyrir aftan: Félagsleg ráðgjöf

Hægt er að tilkynna mál til barnaverndar m.a. með því að ýta á hlekkinn hér fyrir neðan:

Tilkynning til barnaverndar

Verið er að vinna að því að hægt sé að óska eftir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna í gegnum þjónustugátt Mosfellsbæjar.

## 5.8 Skólaheilsugæsla

Heilsugæsla Mosfellsumdæmis annast skólaheilsugæslu í Helgafellsskóla. Skólahjúkrunarfræðingur er Inga Björk Valgarðsdóttir. Viðverutími hennar er fyrir hádegi á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum og netfangið er helgafellsskoli@heilsugaeslan.is.

Markmið heilsuverndar grunnskólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra.

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Hjúkrunarfræðingar heilsugæslunnar sjá um heilsuvernd skólabarna.

Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar. Unnið er samkvæmt leiðbeiningum Embættis landlæknis og Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu um heilsuvernd grunnskólabarna.
Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi. Starfsfólk heilsugæslu er bundið þagnarskyldu.

Skólahjúkrunarfræðingur hefur umsjón með lyfjagjöf á skólatíma. Embætti landlæknis hefur gefið út tilmæli um framkvæmd og umsjón lyfjagjafa á skólatíma og er þeim fylgt í grunnskólum Mosfellsbæjar.

Nánari upplýsingar um starfsemi skólaheilsugæslunnar má nálgast á Heilsuveru og heimasíðu Heilsugæslu Mosfellsumdæmis.

**Slys á skólatíma**

Slasist nemandi á skólatíma veitir starfsfólk skólans og/eða skólahjúkrunarfræðingur fyrstu hjálp og upplýsir foreldra. Öll stærri slys eru skráð á þar til gert eyðublað sem er geymt í persónumöppu viðkomandi nemanda.

**Tannheilsa**

Frá og með 1. janúar 2018 eru tannlækningar gjaldfrjálsar fyrir öll börn undir 18 ára að undanskildu 2500 kr. gjaldi við fyrstu komu. Foreldrar eru hvattir til að skrá barn sitt hjá heimilistannlækni til að tryggja eftirlit með tannheilsu barnanna

## 5.9 Túlkaþjónusta

Til að foreldrar sem ekki tala eða skilja íslensku geti gætt hagsmuna barna sinna og samskipti og gagnkvæmur skilningur ríki milli skóla og heimila eiga foreldrar rétt á túlkaþjónustu fyrir foreldraviðtöl og aðra fundi. Þjónustan er alltaf pöntuð af starfsfólki skólans.



# 6 Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar Helgafellsskólar eru ýmsir og eru þeir helstu nefndir hér fyrir neðan.

## 6.1 Félagsmiðstöðin Bólið

Félagsmiðstöðin Bólið býður upp á uppbyggilegt frístundastarf fyrir 10 - 16 ára nemendur í frítímanum.

Starfsmenn Bólsins eru til staðar fyrir nemendur í 8. – 10 . bekk frá kl. 10 – 15 alla skóladaga. Einnig er opið er fyrir nemendur unglingastigs á þriðjudags-, fimmtudags- og þriðja hvert föstudagskvöld kl. 19.15 – 22.00.

Félagsmiðstöðvar eru mikilvægur þáttur í lífi barna og unglinga og gegna því veigamikla hlutverki að sinna tómstunda- og félagsmálum. Félagsmiðstöðin Bólið sinnir krökkum á aldrinum 10 - 16 ára og þá tekur ungmennahúsið við en þar er starf fyrir 16 - 25 ára. Markmiðið er að stuðla að jákvæðum og þroskandi samskiptum meðal barna og unglinga, örva félagsþroska þeirra og lýðræðisvitund. Starfsemi Bólsins er skipulögð að miklu leyti í samráði við unglingana. Forvarnir eru rauði þráðurinn í öllu starfi, hvort sem um ræðir beinar eða óbeinar forvarnir.

Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá ásamt klúbbastarfsemi þar sem flestir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Mikilvægt er að allir finni að þeir séu velkomnir og öll umræða sé á jafnréttisgrundvelli. Unnið er náið með grunnskólunum í Mosfellsbæ. Samstarfið felst meðal annars í því að bjóða upp á valfög í þeim skólum sem eru með unglingastig. Fyrir utan valfögin er boðið upp á fyrirlestra, félagsfærnikennslu, 7. bekkjar starf og klúbb fyrir 5. - 6. bekk.

Nemendum í 8. - 10. bekk verður boðið upp á félagsfærninámskeið sem fer fram með óformlegri kennslu í gegnum leik. Þeir fá æfingu í að spegla sig og hlusta á skoðanir annarra, tjá og rökstyðja eigin skoðanir og standa með sjálfum sér.

**Ungmennahúsið Mosinn**

Ungmennahúsið Mosinn er fyrir ungmenni á aldrinum 16 - 25 ára. Ungmennahúsið er með viðburðatengda dagskrá í Hlégarði. Hver viðburður er auglýstur sérstaklega. Dagskráin samanstendur af fræðsluviðburðum og skemmtun. Einnig bjóðum við upp á klúbbastarf fyrir 16-19 ára í húsnæði Bólsins við Skólabraut.

**Kjallarinn - tónlistarrými.**

Kjallarinn er hljómsveitaraðstaða og hljóðver fyrir 10-25 ára börn/ungmenni í Mosfellsbæ og er þeim að kostnaðarlausu. Aðstaðan er opin alla daga vikunnar frá 08:00 - 23:00. Hafa þarf samband við starfsmenn Bólsins til að fá æfingartíma og skrifa undir samning.

Allar frekari upplýsingar um starfið, opnunartíma og fleira má finna á bolid.is.

## 6.2 Listaskóli Mosfellsbæjar

Listaskóli Mosfellsbæjar var stofnaður 2. febrúar 2006. Skólinn er rekinn og studdur af sveitarfélaginu. Listaskólinn samanstendur af tónlistardeild (sem áður var Tónlistarskóli Mosfellsbæjar), Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, Myndlistarskóla Mosfellsbæjar, og Leikfélagi Mosfellssveitar.

Allar undirstofnanir Listaskólans nema tónlistardeildin eru reknar sem sjálfstæðar einingar og gerðir hafa verið samstarfssamningar á milli Listaskólans og Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar, Myndlistar-skóla Mosfellsbæjar og Leikfélags Mosfellssveitar.

Markmið Listaskólans er að samþætta starfsemi þessara stofnana og tryggja tengsl milli þeirra. Þá er lögð áhersla á að fléttuð verði saman starfsemi Listaskólans við grunn- og leikskóla. Hlutverk Listaskólans er einnig að auka tengsl við aðila utan stofnana bæjarins, ekki síst starfandi listamenn. Það má því segja að Listaskóli Mosfellsbæjar sé regnhlíf yfir fjölbreytta listastarfsemi í Mosfellsbæ.

Meginverkefni skólans er að auka færni og skilning nemenda, gera þá sjálfbjarga flytjendur og njótendur tónlistar, glæða hjá þeim áhuga á hverju viðfangsefni og búa þá undir lífið á sem bestan hátt. Fastir liðir í starfinu eru öflugt tónleikahald, auk tónlistarflutnings við flest möguleg tækifæri, þar sem nærveru okkar er óskað.

**Samstarf Listaskóla og grunnskólanna**

Hluti af kennslu tónlistardeildarinnar og öll kennsla skólahljómsveitarinnar fer fram í húsnæði grunnskólanna á starfstíma þeirra. Tónlistarkennsla á grunnskólatíma er skipulögð í samstarfi við stjórnendur, foreldra og kennara.

## 6.3 Framhaldsskólar

Lítið samstarf hefur verið á milli Fmos og Helgafellsskóla fram að þessu. Mikill vilji er í Helgafellsskóla til að efla samstarfið við Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ (FMos).

## 6.4 Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Samfélagslöggan verður með fræðslu nú á haustdögum fyrir nemendur í 8. – 10. bekk.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu á fulltrúa í Forvarnarteymi Mosfellsbæjar. Í því teymi situr náms- og starfsráðgjafi Helgafellsskóla sem fær þar upplýsingar frá lögreglunni til skólans.

## 6.5 Trúfélög

Skólar Mosfellsbæjar hafa sett sér sameiginlegar reglur varðandi heimsóknir trúfélaga.

**Reglur um samskipti leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar og trúfélaga**

**1.**

a. Leggja ber áherslu á mikilvægi vandaðrar trúarbragðafræðslu. Þættir í slíkri fræðslu geta verið vettvangsheimsóknir til trúfélaga og að fulltrúum þeirra sé boðið í kennslustund til að fræða um trú sína og trúfélag.
b. Mikilvægt er að fræðsla þessi og heimsóknir sé gerð á vegum skólans og í þeim tilgangi að fræða nemendur um tiltekin trúarbrögð, inntak þeirra, helgidóma og siði en feli ekki í sér innrætingu tiltekinna trúarskoðana eða tilbeiðslu.

c. Vettvangsheimsóknir til trúfélaga og heimsóknir fulltrúa þeirra í skóla skulu taka mið af ofangreindu og vera innan ramma aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla.

**2.**

a. Heimsóknir í kirkjur í tengslum við stórhátíðir kristninnar telst hluti af fræðslu um trúarhátíðir og menningarlega arfleifð þjóðarinnar.

b. Gæta þarf þess að foreldrar og skólaráð séu upplýstir tímanlega um námstilhögun, námsefni og vettvangsferðir. Sama gildir um leik- og framhaldsskóla þar sem það á við.

3.

a. Skóli og önnur uppeldisstarfsemi þarf að taka mið af vaxandi fjölmenningarlegum áhrifum með því að fagna fjölbreytni mannlífsins og leggja áherslu á virðingu fyrir einstaklingnum. Skólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, uppruna, menningu, kyni eða trú.

Í því felst að gætt sé að jafnræði þar sem margvíslegar skoðanir, tjáning um þær og mismunandi þarfir hvers og eins séu eðlilegur hluti af daglegu skólastarfi, sem mótast af viðhorfum og viðmóti sem stuðlar að vináttu, vinsemd og virðingu.

b. Um almenna kynningu eða auglýsinga á starfsemi trúfélaga í skólum skulu gilda sömu reglur og um kynningu annarra félagasamtaka.

## 6.6 Rauði krossinn - heimanámsaðstoð

Rauði kross Íslands hefur undanfarin ár haldið úti heimanámsaðstoð fyrir nemendur í Mosfellsbæ. Verkefnið hefur farið fram á skólabókasöfnum þar sem sjálfboðaliðar mæta og aðstoða börn með nám sitt og sér í lagi börnum af erlendum uppruna með íslensku. Sjálfboðaliðarnir eru gjarnan fyrrum/núverandi kennarar eða háskólanemar. Verkefnið lagðist af á meðan heimsfaraldur geysaði en verður vonandi endurvakið á þessu skólaári.

# 7 Félög, ráð og nefndir

## 7.1 Skólaráð

Í lögum um grunnskóla segir að við grunnskóla skuli starfa skólaráð. Ráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins.

Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, fjárhagsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Það fær til umsagnar fyrirætlanir um allar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skólans áður en endanlega ákvörðun er tekin um þær. Ráðið fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Í skólaráði eiga sæti auk skólastjóra tveir kennarar við skólann, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar nemenda og tveir fulltrúar foreldra. Ráðið velur auk þess einn fulltrúa úr grenndarsamfélaginu.

## 7.2 Foreldrafélag

Í Helgafellsskóla er starfandi eitt foreldrafélag fyrir bæði leik- og grunnskóladeild. Í 9 gr. grunnskólalaga og 10. gr. leikskólalaga er fjallað um foreldrafélög.

Foreldrafélag skólans var stofnað 19. febrúar 2019. Lög félagsins eru á heimasíðu skólans svo og fundargerðir og listi yfir þá sem skipa stjórn og árgangafulltrúa.

Í stjórn foreldrafélagsins þetta skólaár eru: Aðalheiður Hjelm, Berglind Robertson Grétarsdóttir, Elsa Sæný Valgeirsdóttir, Freyja Leópólsdóttir, Guðrún Lára Alfredsdóttir, Jón Þór Ragnarsson og Stefanía Ragnarsdóttir.

## 7.3 Nemendafélag

Nemendafélag skal starfa við grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum. Nemendafélagið vinnur að ýmsum hagsmunamálum nemenda.

Hver árgangur á unglingastigi velur 2 fulltrúa til að sitja í nemendaráði og heldur deildarstjóri frístundar utan um ráðið og stýrir fundum þess.

Deildarstjóri frístundar heldur utan um nemendaráðið en skólastjóri fundar með ráðinu eins oft og þurfa þykir.

## 7.4 Önnur ráð og nefndir

### 7.4.1 Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs er m.a að hafa verkstjórn við válega atburði, gera áætlanir og kynna fyrir starfsfólki. Í áfallaráði sitja skólastjóri, deildarstjórar og náms- og starfsráðgjafi. Einnig leitar ráðið aðstoðar skólasálfræðings, skólahjúkrunarfræðings og framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs þegar þurfa þykir.

### 7.4.2 Teymi gegn einelti

Áfallaráð og teymi gegn einelti er eitt og sama ráðið í Helgafellsskóla.

Ef grunur um einelti gegn nemanda í skólanum vaknar hjá nemendum, foreldrum, starfsfólki skólans eða öðrum skal málið tilkynnt til umsjónarkennara, skólastjórnenda eða námsráðgjafa á þar til gert eyðublað. Eyðublaðið er á heimasíðu skólans : http://www.helgafellsskoli.is/skolastarfid/einelti/

Málið er greint samkvæmt skilgreiningu skólans á einelti. Allt ferlið er skráð af eineltisteymi á sérstakt skráningarblað og öll mál geymd í persónumöppum viðkomandi nemenda.

Algengt vinnuferli við eineltismál er:

- Foreldrum gerenda og þolenda gerð grein fyrir málavöxtum og áætlun skólans kynnt.
- Rætt við alla starfsmenn sem koma að viðkomandi nemendum,
- Gerendur teknir í einkaviðtöl og viðtalinu fylgt eftir.
- Stuðningsviðtöl við þolandann.
- Stuðningsviðtöl við gerendur.
- Eftirlit er aukið þar sem einelti hefur átt sér stað.
- Eineltis- eða tengslakönnun lögð fyrir og unnið með niðurstöður hennar.
- Umsjónarkennari vinnur markvisst að málinu með aðstoð frá teymi gegn einelti.

### 7.4.3 Heilsueflingarteymi

Allt skólastarf í Helgafellskóla miðar að heilsueflingu. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er *Heilbrigði og velferð* einn af grunnþáttum menntunar. Ekki er sérstakt teymi um heilsueflingu enda fléttast hún inn í allt starf skólans.

Mikil hreyfing er fléttuð inn í allt skólastarfið. Reglulega er farið í gönguferðir um nágrenni skólans og einnig eru 5 kennslustundir á viku hjá öllum árgöngum í grunnskóladeildinni í íþróttum, sundi og heilsu-eflingu.

Matur í mötuneyti er hollur og fjölbreyttur og reglur skólans um nesti byggja á ráðleggingum frá landlæknisembættinu um hollt nesti. Allur matur er eldaður í skólanum.

### 7.4.4 Læsisteymi

Deildarstjóri stoðþjónustu heldur utan um læsisteymi skólans. Auk deildarstjóra stoðþjónustu sitja deildarstjórar stiga, sérkennarar skólans og einn kennari af hverju stigi í teyminu. Læsisteymi semur og uppfærir læsisstefnu Helgafellsskóla.

Kennt er samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis.

Í leikskóladeild þar sem undirstaða lestrarnáms hefst er unnið með *Lubbi finnur málbein.* Í verkefninu er unnið með íslensku málhljóðin. Hverju þeirra fylgir ákveðið lag og einnig stutt saga sem lögð er sérstök áhersla á hvert hljóð fyrir sig. Með því að tengja hljóðið við táknræna hreyfingu er auðvelt að læra það og muna.

### *7.4.5 Takts-teymi*

Vorið 2022 var búinn til Samskiptasáttmáli Helgafellsskóla. Á þessu skólaári verður sáttmálinn endurskoðaður og áfram unnið að innleiðingu hans. Verkefni og áherslur skólabragsins eru í Takti. Þar eru helstu verkefni sem unnið er með í hverjum mánuði til að gera góðan og jákvæðan skólabrag þar sem öllum líður vel, bæði nemendum og starfsfólki. Sáttmálinn gengur út á að tryggja nemendum einfalt umhverfi og verkfæri til að læra að taka ábyrgð á eigin hegðun.

Skólasáttmáli eru sýnilegar á öllum nemendasvæðum, hann er uppbyggilegur og skiljanlegur fyrir unga sem og eldri nemendur.



# 8 Áætlanir og verkferlar

## 8.1 Viðbrögð við einelti

Í Helgafellsskóla er einelti ekki liðið. Leitað verður allra leiða til að fyrirbyggja einelti og til að leysa þau mál sem kunnu að koma upp.

Liður í því að koma í veg fyrir einelti er að búa til góðan skólabrag þar sem öllum líður vel. Allir taka ábyrgð á eigin hegðun og öll samskipti eru uppbyggileg. Samskiptasáttmáli Helgafellsskóla og verkefni í Takti eru liður í því að búa til góðan skólabrag.

Áætlun Helgafellsskóla gegn einelti er á heimasíðu skólans: Áætlun gegn einelti

## 8.2 Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun skólans er til tveggja ára. Helstu áhersluþættir hennar eru í samræmi við helstu leiðarljós skólans:  læsi, splæs, leiðsagnarnám og upplýsinga- og tæknimál og frekari útfærsla á verkefninu Taktur.

## 8.3 Sjálfsmatsáætlun (áherslur ársins)

Skólastarf Helgafellsskóla er í þróun svo áherslan er á að meta og skoða alla áhersluþætti skólastarfsins reglulega yfir skólaárið með öllum teymum og einnig viss verkefni með nemendum.

## 8.4 Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun skólans er á heimsíðunni: sjá hér

Farið er yfir áætlunina með öllu starfsfólki og á hverju ári er æfing með nemendum og starfsfólki bæði að hausti og vori. Einnig hafa verið æfð viðbrögð við stórum jarðskjálfta.

## 8.5 Neyðaráætlanir

### *8.5.1 Öryggi nemenda*

Í grunnskólum, Mosfellsbæjar er lögð áhersla á að tryggja velferð, öryggi og persónuvernd allra þeirra sem koma í skólann. Samantekt um þær áætlanir sem skólar fylgja í öryggismálum má nálgast á vef hvers skóla.

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. elds, mengunar, veikindafaraldurs, óveðurs eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun almannavarna.

Farið er árlega yfir Viðbragðs- og áfallaáætlanir og uppfært eftir þörfum. Áætlunin er kynnt árlega og rýmingaræfing er haldin á hverju ári. Í kjölfar æfingar er áætlunin endurmetin og breytingar gerðar ef þurfa þykir.

### *8.5.2 Óveður*

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur verið falið af sveitarfélögunum á svæðinu að fylgjast með veðri og veðurspám og senda út tilkynningar ef á þarf að halda, eftir atvikum í samráði við lögreglu og fræðsluyfirvöld.

Sú regla gildir að skólahald fellur ekki niður vegna veðurs. Forráðamenn skulu þó meta ef um óveður er að ræða hvort þeir senda börn sín til skóla eða ekki. Undantekningarlaust skal þó hringja á skrifstofu skólans og tilkynna ef forráðamenn ákveða að hafa börn sín heima.

Frekari upplýsingar má finna hér að neðan:
Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Disruption of school due to storms

Zalecenia dotyczące reakcji rodziców / opiekunów dzieci w szkole i podczas zajęć pozalekcyjnyc

### *8.5.3 Eldgos – viðbrögð*

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera þó oftast boð á undan sér, t.d. með jarðskjálftum og óróa sem greinast á mælum. Viðbragðsáætlanir hafa verið gerðar vegna eldgosa frá Mýrdalsjökli, Eyjafjallajökli og Vatnajökli og tilheyrandi jökulhlaupum.

Viðbrögð við eldgosi

### *8.5.3 Jarðskjálftar*

Á slóðinni hér að neðan má finna upplýsingar almannavarna um viðbrögð við jarðskjálfta.

Viðbrögð við jarðskjálfta

## 8.6 Viðmiðunarreglur um ástundun í grunnskólum Mosfellsbæjar

Skólaárið 2020 – 2021 tók gildi nýjar samræmdar viðmiðunarreglur um ástundun í öllum grunnskólum Mosfellsbæjar. Reglurnar voru endurskoðaðar á vordögum 2021. Markmið þeirra er að veita nemendum og foreldrum stuðning við nám og námsástundun. Skólasókn nemenda er skoðuð með reglubundnum hætti og metið hvort stuðnings er þörf.

Ritari skólans sendir foreldrum ástundun nemenda einu sinni í viku svo þeir geti fylgst með og brugðist við ef þörf krefur.

Reglurnar eru á heimasíðu skólans: sjá hér

# 9 Annað

## 9.1 Trúnaðargögn og skjalavarsla

Skólar eru samkvæmt lögum skyldaðir til að halda persónumöppu yfir nemendur sínar þar sem fram koma ýmsar upplýsingar um nemandann. Auk þess geyma skólarnir oft upplýsingar, bréf, leiðbeiningar o.fl. um nemendur sem farið hafa til sálfræðings, læknis eða annarra sérfræðinga og fengið eftir það greiningu. Skjalastjóri Mosfellsbæjar hefur eftirlit með skjalavörslu grunnskóla og leiðbeinir starfsfólki og stjórnendum um rétt vinnubrögð.

Gögn um greiningar og annað er varðar líðan eða námslegar þarfir nemenda í Helgafellsskóla eru í vörslu stjórnenda skólans. Ekki er heimilt að ljósrita slíkar upplýsingar nema með leyfi og vitund skólastjóra. Skólanum er óheimilt að afhenda gögnin öðrum en foreldrum/ forráðamönnum nema með samþykki þeirra. Foreldrar geta alltaf haft samband við deildarstjóra stoðþjónustu til að fá aðgang að þeim gögnum sem til eru um barn þeirra. Við útskrift úr Helgafellsskóla geta nemendur og foreldrar fengið afrit af þeim skjölum sem til eru í skólanum.

Foreldrar eru hvattir til að huga að þessu við skólalok og koma nauðsynlegum gögnum í þann framhaldsskóla sem unglingurinn mun hefja nám við að grunnskóla loknum. Kennarar hafa samband við deildarstjóra stoðþjónustu þegar þá vantar upplýsingar úr skýrslum og greiningum. Starfsmenn sýna sérstaka aðgæslu í vinnu með viðkvæm gögn s.s. prófúrlausnir, yfirlit um einkunnir eða skólasókn. Það er skýr regla að slík gögn mega ekki undir neinum kringumstæðum liggja á glámbekk. Skólastjórnendur hafa aðgang að læstum hirslum sem varðveita trúnaðargögn skólans.

## 9.2 Þróunarverkefni

Allt skólastarfið í Helgafellsskóla er í sífelldri þróun. Þau verkefni sem m.a. er unnið að á þessu skólaári eru:

- Læsisstefna Helgafellsskóla
- Samskiptasáttmáli Helgafellsskóla - Taktur
- Stefna í upplýsinga- og tæknimálum
- Snjallræði
- Leiðsagnarnám
- Nám í gróðurhúsi Helgafellsskóla
- Uppbygging nýsköpunarvers
- Val eldri nemenda skólans